



6
STAÐA
KJARASAMNINGA

9
FYRIRTÆKI ÁRSINS
2017 – TAKTU ÞÁTT!

10
KOSNING TIL FOR-
MANNS OG STJÓRNAR

28
ÞJÓNUSTA VR
Á EGILSSTÓÐUM



FÉLAGSMÁL

03

Leiðari

04

Fréttir

09

Ekki gleyma þér – taktu þátt!

22

Hvíta húsið og CCP með Jafnlaunavottun VR

23

Fjölgun fjölbreyttra orlofskosta VR

24

Jólaleikur VR

27

Aftur á vinnumarkað eftir starfsendurhæfingu

28

VR á Egilsstöðum

32

Trúnaðarmaðurinn – Ingunn Kjartansdóttir

33

Sérstök tilboðsferð til Gran Canaria

33

Aflsláttur í flug

34

Krossgátan

35

Félagsskírteini VR – lykill að betri kjörum

KJARAMÁL

06

Kjarasamningum ekki sagt upp

07

Hverjar eru forsendur kjarasamninga?

08

Nýtt samningalíkan og staða kjarasamninga

26

Unga fólkíð og íbúðakaupin

KOSNINGAR 2017

10

Úr lögum VR um kosningar

11

Allsherjaratkvæðagreiðsla í VR 2017

12

Kynning á frambjóðendum til formanns VR

16

Kynning á frambjóðendum til stjórnar VR

21

Listi stjórnar og trúnaðarráðs 2017 -2019



Forsíðumynd

Auglýsingastofan J&L - Fyrirtæki ársins 2017

VR BLAÐIÐ

1. tbl. 39. árgangur mars 2017

Húsi verslunarinnar

Kringlunni 7

103 Reykjavík

Sími 510 1700

vr@vr.is

www.vr.is

Ábyrgðarmaður

Árni Leósson

Ritstjóri

Unnur Guðríður Indriðadóttir

Ritstjórn

Árni Leósson

Elías Magnússon

Fjóla Helgadóttir

Steinunn Böðvarsdóttir

Unnur Guðríður Indriðadóttir

Umbrot og útlit

Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir

Birgir Ísleifur og Guðmundur Þór

Prentun

Oddi

Upplag

28.500

Stjórn VR

Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður

Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður

Benóný Valur Jakobsson ritari

Birgir Már Guðmundsson

Dóra Magnúsdóttir

Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Páll Örn Lindal

Ragnar Þór Ingólfsson

Rannveig Sigurðardóttir

Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Sigurður Sigfússon

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Varamenn

Harpa Sævarsdóttir

Ólafur Reimar Gunnarsson

Sigmundur Halldórsson

NÝTUM RÉTT OKKAR OG TÖKUM ÞÁTT!

Þetta tölublað VR blaðsins er að stórum hluta helgað kosningum í félaginu, eins og allajafna á þessum árstíma, en kosningar hefjast þann 7. mars og þeim lýkur þann 14. mars. Kosnið er til formanns og helmings stjórnarsæta, sjö talsins, sem og allra varamanna stjórnar en þeir eru þrír. Tveir einstaklingar bjóða sig fram til formanns og ellefu til stjórnar. Frambjóðendur kynna sig og áherslur sínar hér í blaðinu og á vef VR, www.vr.is.

Hér eru á ferðinni öflugir einstaklingar sem bjóða fram krafta sína fyrir félagið og ég hvet alla VR féлага til að kynna sér þá og áherslur þeirra vel. Þá vil ég hvetja félagsmenn til að nýta rétt sinn og kjósa. Aðgangur að rafrænum atkvæðaseðli er á Mínum síðum á vefnum.

FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017

Á þessum árstíma er könnun VR á fyrirtæki ársins og launakjörum einnig í sviðsljósinu og í blaðinu er fjallað um hana og mikilvægi góðrar þátttöku. Könnunin hófst í byrjun febrúar og stendur til og með 12. mars. Allir félagsmenn VR hafa fengið senda könnun í tölvupósti en einnig er hægt að svara könnuninni á Mínum síðum á vef VR og er það í fyrsta skipti sem það er hægt.

Í könnuninni um Fyrirtæki ársins er spurt um viðhorf félagsmanna og fjölda annarra starfsmanna á vinnumarkaði til níu mikilvægra þátta í rekstri fyrirtækjanna sem þeir starfa hjá. Nægir þar að nefna þætti eins og stjórnun, vinnuskilyrði, ánægju í starfi, sveigjanleika í vinnu og jafnrétti auk fjölmargra annarra atriða. Hér er um að ræða eina stærstu vinnumarkaðskönnun sem gerð er hér á landi. Eins og ég nefndi að framan er könnunin send til allra félagsmanna VR en auk þess hafa hátt í tvö hundruð fyrirtæki ákveðið að bjóða öðrum starfsmönnum en VR félögum þátttöku. Viðtakendur könnunar VR á Fyrirtæki ársins 2017 eru því nær fjörutíu þúsund. Fullgildir félagsmenn VR fá að auki senda könnun á launakjörum þar sem spurt er nánar um kaup og kjör. Niðurstöður beggja kannanna verða birtar í maí.

STAÐAN Á VINNUMARKAÐI

Í blaðinu er einnig fjallað um stöðuna á vinnumarkaði en á síðustu vikum hefur trúnaðarráð VR fundað tvívegis til að ræða um kjaramálin. Á fyrri fundinum var fjallað um hugmyndir um nýtt vinnumarkaðsmódel á Íslandi í anda hins norræna módelis. Á seinni fundinum var fjallað um stöðu kjarasamninganna í ljósi þess að forsendan var brostin um að launastefna samninganna væri stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði. Nú liggur fyrir niðurstaða samninganefndar Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins um næstu skref og er fjallað um hana í blaðinu. [VR](#)

Unnur Guðríður Indriðadóttir
ritstjóri VR blaðsins.



» Á þessum árstíma er könnun VR á fyrirtæki ársins og launakjörum einnig í sviðsljósinu og í blaðinu er fjallað um hana og mikilvægi góðrar þátttöku. «

UNNUR GUÐRÍÐUR INDRIÐADÓTTIR
RITSTJÓRI VR BLAÐSINS



MINNING REYNIR JÓSEFSSON

Reynir Jósefsson, vinur okkar og fyrrum samstarfsmaður hjá VR, er nú látinn. Á þessari stundu leita hugsanir okkar aftur til yndislegra samverustunda sem við áttum með okkar góða félaga og kæra vini. Ég kynntist Reyni árið 1989, þegar ég hóf störf hjá Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur eins og VR hét þá. Reynir starfaði með okkur í VR í fjöldamörg ár, aðallega á kjaramála-sviði, en hann sat einnig í stjórn félagsins frá 1985 til 1999 og í trúnaðarráði VR átti hann sæti til ársins 2009. Hann var starfsmaður félagsins frá 1986 til 2008. Það voru því mörg og þung lóð sem Reynir lagði á vogarskálur starfsins hjá félaginu.

Það þótti mikill fengur af störfum hans og var afar gott að geta leitað til hans þegar upp komu snúin mál á kjaramálasviði því Reynir var góður leiðbeinandi og bjó yfir mikilli þekkingu á kjarasamningum okkar. Vafalítið hefur hann einnig þurft að búa yfir þolinmæði því við starfsmenn VR vorum duglegir að leita til hans og biðja um aðstoð. En alltaf var okkur vel tekið og við búum reyndar enn að því að hafa haft svona góða fyrirmynd á vinnustaðnum. Alltaf var stutt í græskulausa stríðnina og hláturinn, sem gerði vinnustaðinn svo skemmtilegan og gefandi. Við lítum því til árunna með Reyni með þakklæti, hlýhug og gleði í hjarta.

Það var mikill heiður fyrir mig að fá svo að afhenda Reyni gullmerki VR á aðalfundi félagsins árið 2014 sem er helsti virðingar- og þakklætisvottur félagsins til þeirra sem hafa lagt sérstaklega mikið af mörkum í þágu félagsins sem hann gerði svo sannarlega. Reynir gerði nefnilega meira en bara að starfa hjá félaginu því með öflugu félagsstarfi sínu stóð hann líka vörð um baráttumál VR og sýndi félaginu ávallt sérstaka tryggð og þjónustu langt umfram það sem starfsskyldur hans kröfðust.

Við þökkum Reyni góð viðkyrni og vitum að hann er hvíldinni feginn og er „umvafinn englum sem að vaka hjá, meðan mannhjörtun hrærast þá er huggun þar að fá“ eins og segir í textanum í hinu fallega lagi. Við starfsmenn VR sendum samúðarkveðjur til Ingu, eftirlifandi konu hans, barna, barnabarna og tengdabarna.

F.h. starfsmanna VR, Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR



BJARG OG BLÆR, ÍBÚÐAFÉLÖG ASÍ OG BSRB

Eins og við höfum áður greint frá stofnuðu Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og BSRB íbúðafélagið Bjarg sem starfar í nýju íbúðakerfi sem er verið að taka upp hér á landi og byggir á danskri fyrirmynd. Er þar um að ræða hagstæðan og öruggan valkost fyrir fólk á leigumarkaði. VR kom að stofnun Bjargs ásamt öðrum félögum ASÍ m.a. með því að leggja til 36 milljón króna vikjandi lán. Íbúðafélagið Bjarg hefur undirritað viljayfirlýsingu við Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ um lóðir fyrir 1150 íbúðir á næstu fjórum árum en samhliða þessum fyrstu skrefum er unnið að lausn fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni. Skilyrði er að íbúðirnar verði leigðar út til fólks með lágar tekjur.

Í framhaldi af því hefur nú einnig verið stofnað íbúðafélagið Blær en það verður rekið á svipuðum nótum og systurfélag þess Bjarg en er hugsað fyrir fólk í millitekjuhópum. Nú er unnið að því að skoða fjármögnunarmöguleika þess félags.

AÐALFUNDUR VR

AÐALFUNDUR VR VERÐUR HALDINN Á
HILTON REYKJAVÍK NORDICA ÞRÍÐJUDAGINN
28. MARS 2017 OG HEFST KL. 19.30

Á DAGSKRÁ FUNDARINS
ERU VENJULEG AÐALFUNDARSTÖRF

HÁDEGISFYRIRLESTRAR

VR býður fullgildum félagsmönnum upp á skemmtilega og fróðlega hádegisfyrirlestra. Allir fyrirlestrar eru haldnir í sal VR á 0. hæðinni í Húsi verslunarinnar kl. 12.00–13.00. Í boði eru léttar veitingar. Félagsmenn utan höfuðborgarsvæðisins geta horft á fyrirlestrana gegnum fjarfundarbúnað á skrifstofum VR á Egilsstöðum, Akranesi og í Vestmannaeyjum. Hægt er að skrá sig á fyrirlesturinn á vefsíðu VR www.vr.is eða með því að hringja í þjónustuver VR í síma 510 1700. Félagsmenn utan höfuðborgarsvæðisins geta fengið senda slóð á streymi með því að senda tölvupóst á vr@vr.is.



23. MARS KL. 12.00–13.00

VELLÍÐAN OG VELGENGNI Í LÍFI OG STARFI

Fyrirlesari:

Hugrún Linda Guðmundsdóttir

Jákvæð sálfræði, hugarfar, heilsa og hamingja er viðfangsefnið í þessum fyrirlestri. Hvernig á að takast á við álag og streitu og hvernig er andlegt jafnvægi í daglegu amstri? Stundum þarf að staldra við og skoða hlutina í nýju ljósi og athuga hvernig gera má jákvæðar breytingar á eigin högum.



27. APRÍL KL. 12.00–13.00

HJÓLREIÐAR OG BÆTT HEILSA

Fyrirlesari:

Bjarney Gunnarsdóttir

Hver er heilsufarslegur ávinningur hjólréiða á líkama og sál? Rannsóknir sýna að þeir sem hjóla til og frá vinnu séu mun líklegri til að lifa lengur en þeir sem ekki hjóla. Einungis 5 mínútur á hjóli í staðinn fyrir að ferðast um í bíl, bæta heilsuna. Einnig verður komið inn á öryggi hjólréiða og sýnt að kostir hjólréiða vege margfalt þyngra en áhætta eins og t.d. umferðarslys á hjólréiðafólki.



SAMÞYKKTU SAMEININGU VIÐ VR

Í rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna Verslunarmannafélags Suðurlands (VMS), sem fram fór dagana 23.–30. janúar sl., var samþykkt sameining félagsins við VR. Á kjörskrá voru 867 en alls greiddu 117 atkvæði eða 13,5% atkvæðisbærra félagsmanna VMS. Niðurstaðan var sú að sameiningin var samþykkt með 99 atkvæðum eða 84,6% gegn 17 eða 14,5%. Einn tók ekki afstöðu eða 0,9%. Þann 30. desember sl. undirrituðu formenn félaganna, þau Ólafía B. Rafnsdóttir formaður VR og Gils G. Einarsson formaður VMS, samning um sameiningu félaganna með fyrirvara um félagslegt samþykki en sameiningin tók gildi þann 1. febrúar sl. og við það lækkuðu félagsgjöld VMS félagi úr 1% í 0,7% og þeir fengu auk þess inneign í VR varasjóði eftir réttindastöðu hvers og eins. Samkvæmt samningi verður áfram rekin öflug þjónustuskrifstofa á Selfossi og einnig verður stofnuð sérstök Suðurlandsdeild VR. Samningurinn verður svo tekinn fyrir til staðfestingar á komandi aðalfundi VR þann 28. mars nk.

LAGT TIL AUKIÐ FRAMLAG Í VR VARASJÓÐ

Stjórn VR ákvað á fundi sínum þann 14. desember sl. að leggja til við komandi aðalfund VR, sem haldinn verður þann 28. mars. nk., að auka framlag í VR varasjóð vegna ársins 2016 umfram það sem verið hefur síðustu ár. Áætlað hafði verið að leggja til að framlag yrði 650 milljónir króna en framlag vegna ársins 2015 voru 550 milljónir króna. Framlög koma úr sjúkra- og orlofssjóðum félagsins. Vegna góðrar afkomu ætti félagið þó vel að geta borið frekari hækkun með því að leggja til viðbótar framlag upp á 135 milljónir króna úr félagsjóði og verður því lagt til að framlag í VR varasjóð vegna ársins 2016 verði 785 milljónir króna. Ef þetta verður samþykkt á aðalfundi er þetta hæsta innlagn í VR varasjóð hingað til og ætti að vera félagsmönnum góð búbot. Innstæður í VR varasjóði geta félagsmenn nýtt til margbreytilegra nota, s.s. til greiðslu vegna líkamsræktar, niðurgreiðslu gistikostnaðar í orlofi, vegna ýmissa endurhæfingarútgjalda, læknistkostnaðar, gleraugnakaupa og margs fleira.

KJARASAMNINGUM EKKI SAGT UPP

Samninganefnd Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins ákvað í lok febrúar að segja ekki upp kjarasamningum þrátt fyrir að ein af þremur forsendum þeirra hafi ekki staðist. Samkomulag var um að fresta viðbrögðum um eitt ár. Formaður VR segir að með þessari ákvörðun séu verðmæti sem í samningunum felst varðveitt, húsnæðishluti þeirra sé tryggður og hægt sé að opna þá í febrúar á næsta ári. Hún segir mikilvægt að kjarasamningar kennara skapi ekki fordæmi fyrir hækkanir hjá öðrum hópum á opinbera markaðnum. Gerð er krafa um að úrskurði kjararáðs um launahækkanir kjörinna fulltrúa verði breytt.

FORSEDA UM LAUNAPRÓUN BRAST

Samkvæmt ákvæðum kjarasamninganna átti forsendunefnd að skila mati í lok febrúar á því hvort forsendur samninganna hafi staðist. Forsendur kjarasamninganna voru þrjár:

1. Fjármögnum stjórnvalda á stofnframlögum ríkisins til 2.300 almennra íbúða á árunum 2016–2019 eða að hámarki 600 á ári.
2. Að sú launastefna og þær launahækkanir sem í samningunum fólust hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra á vinnumarkaði.
3. Aukinn kaupmáttur á samningstímanum.

Niðurstaða nefndarinnar var að forsendur um húsnæðismál og kaupmátt launa hafi staðist en að forsendan um launapróun annarra hópa hafi brostið. Launahækkanir í kjarasamningum Félags grunnskólakennara frá nóvember 2016 og Félags tónlistarkennara frá janúar 2017 hafa verið meiri en felst í launastefnu í rmmasamkomulaginu sem Alþýðusambandið, BSRB, Samtök atvinnulífsins, ríkið, Samband sveitarfélaga og Reykjavíkurborg undirrituðu í október 2015.

LEITA SKAL SAMKOMULAGS UM VIÐBRÖGÐ

Í forsendum kjarasamninganna segir að verði forsendubrestur skuli samninganefnd leita samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiða samningsins, treysta forsendur hans og vinna að því að hann haldi gildi sínu. Trúnaðarráð VR fundaði um stöðuna eftir að forsendubresturinn lá fyrir, undir lok febrúar, og ræddi möguleikana í stöðunni. Mikil áhersla var lögð á húsnæðismálin á fundinum og mikilvægi þess að efla húsnæðismarkaðinn, ekki síst fyrir unga fólk sem í dag hefur afar fáa kosti þegar kemur að leigu eða kaupum á húsnæði. Sú hætta væri hins vegar fyrir hendi að uppsögn samninga myndi leiða til þess að bakslag kæmi í uppbyggingu leiguíbúða sem gríðarlega mikil þörf sé fyrir.



Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, sagði á fundinum að launamenn á almenna vinnumarkaðnum hafi undanfarin ár axlað sína ábyrgð á efnahagslegum stöðugleika með hófstílltum launahækkunum. Nú væri komið að öðrum að takast á við þá stöðu sem upp væri komin. Fjölmargir opinberir hópar séu með lausa samninga á næstu misserum og stéttarfélag á almenna vinnumarkaðnum hafi engan áhuga á að vera fyrst í þeim kjaraviðræðum. Fundurinn veitti formanni félagsins umboð til að vinna áfram að því að finna lausn á málinu.

KENningarar skapi ekki fordæmi fyrir hækkunum


Á þessu ári koma margir kjarasamningar opinberra hópa til endurnýjunar. Í því samkomulagi sem nú liggur fyrir í samninganefnd ASÍ og SA segir að ef niðurstaða þessara samninga rúmist innan rammasamkomulagsins verði kjarasamningum á almenna vinnumarkaðnum ekki sagt upp á næsta ári, heimild til uppsagnar þeirra falli niður. Það felur hins vegar í sér að aðrir samningsaðilar á vinnumarkaði fallist á að kjarasamningar grunnskóla- og tónlistarkennara skapi ekki fordæmi fyrir hækkunir annarra.

Ef það gengur hins vegar ekki eftir, og kjarasamningar á opinbera markaðnum fara fram úr því sem rammasamkomulagið kveður á um, opnast samningar í lok febrúar 2018.

Ólafía segir að verðmæti séu fólgin í nágildandi kjarasamningum sem mikilvægt sé að varðveita, 4,5% launahækkun 1. maí og hækkun á móttframlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóð um 1,5% þann 1. júlí. Þá sé aðkoma stjórnvalda að uppbyggingu leiguíbúða fyrir tekjulægri heimili nú tryggð en það hafi verið eitt af áhersluatriðum trúnaðarráðs félagsins í umræðum um stöðuna. Mikilvægt sé að kjaraviðræður opinberu hópanna, sem fari af stað á næstu vikum, taki mið af þeirri launastefnu sem ríki á almenna vinnumarkaðnum.

ÚRSKURÐI KJARARÁÐS VERÐI BREYTT

Samninganefndin sendi frá sér yfirlýsingu um stöðuna á viðræðum um nýtt kjarasamningamódel og áhrif úrskurða kjararáðs á þær viðræður. Frá árinu 2013 hafi þrisvar sinnum verið reynt að fara nýjar leiðir í kjarasamningagerðinni en kjarasamningar á opinbera vinnumarkaðnum hafi gert þær tilraunir að engu. Að auki hafi úrskurðir kjararáðs undanfarin misseri um laun kjörinna fulltrúa, æðstu embættismanna og forstjóra ríkisstofnana gengið þvert á þá launastefnu sem hefur mótast í kjarasamningum. Rammasamkomulagið frá árinu 2015 er rífað upp en það felur í sér sam- eiginlega launastefnu, meginatriði nýs samningalíkans og virkt samstarf aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda.

Í yfirlýsingunni segir að forsenda þess að unnt verði að halda áfram vinnu við nýtt samningalíkan sé að úrskurði kjararáðs um launahækkunir kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna verði breytt og launapróun þeirra verði á grundvelli sömu launastefnu og á hinum almenna vinnumarkaði eins og skilgreint er í rammasamkomulaginu. 

HVERJAR VORU FORSENDUR KJARASAMNINGA?

Trúnaðarráð VR fundaði undir lok febrúar, þegar forsendunefnd hafði lokið störfum, og ræddi stöðuna. Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ fór á fundinum yfir forsendur kjarasamninganna og niðurstöðu forsendunefndarinnar.

FORSEDA UM FJÁRMÖGNUN STJÓRNVALDA Á STOFNFRAMLÖGUM TIL UPPBYGGINGAR ÍBÚÐA

Fyrsta forsendan sneri að húsnæðismálum, þ.e. að staðið yrði við þau fyrir- heit sem fram komu í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gerð var í tengslum við gerð kjarasamninga í maí árið 2015 um húsnæðismálin. Í henni hétu stjórnvöld því að tryggja fulla fjármögnun á stofnframlögum ríkisins til 2.300 leiguíbúða fyrir tekjulægri heimili á árunum 2016 til 2019, að hámarki 600 á ári. Mati á þessari forsendu var frestað við endurskoðun kjarasam- ninganna í fyrra þegar frumvörp um almennar íbúðir og húsnæðisbætur voru enn til meðferðar á Alþingi.

Í fjárlögum fyrir þetta ár, og í fimm ára fjármálaáætlun til ársins 2021, var hins vegar aðeins gert ráð því að fjármagna um 300 íbúðir á ári. Slíkt væri forsendubrestur. Á fundinum sagði Henný hins vegar að ráðherra félags- og jafnréttismála hafi lýst því yfir að fjármunir til að fullfjármagna stofnframlög frá ríkinu fyrir 600 íbúðum á ári yrðu tryggðir. Stjórnvöld gáfu svo út yfir- lýsingu um að staðið yrði við þessi fyrirheit áður en frestur samninganefndar ASÍ rann út 28. febrúar. Þessi forsenda samninganna stóðst.


FORSEDA UM AUKINN KAUPMÁTT Á SAMNINGSTÍMANUM

Hið sama má segja um forsenduna um aukinn kaupmátt á samningstím- anum. Kaupmáttur launa hefur aukist um 14% frá samningunum í maí 2015, sagði Henný á fundinum, eða um 7% sl. ár. Verðbólga hefur verið undir 2,5% allt tímabilið. Þessi forsenda samninganna stóðst.

FORSEDA UM AÐ LAUNASTEFNA SAMNINGANNA VÆRI STEFNUMARKANDI Á VINNUMARKAÐI

En forsendan um að launastefna og launahækkunir í samningunum verði stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði stóðst ekki. Aðrir hópar á vinnumarkaði hafa fengið hækkunir sem eru umfram það sem samningsaðilar komu sér saman um.

Einnig benti Henný á úrskurð kjararáðs um hækkunir til alþingismanna og ráðherra sem voru langt umfram það sem samningarnir kváðu á um. Í janúar voru starfs- og kostnaðargreiðslur til alþingismanna endurskoðaðar og lækkaðar í kjölfar mikillar gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar en að sögn Hennýar nægir það ekki til að þróun launa alþingismanna samræmist þróun launa almennt á vinnumarkaði.

Það var því niðurstaða forsendunefndar að launastefna og launahækkunir í kjarasamningum ASÍ hafi ekki verið stefnumarkandi fyrir aðra samninga- gerð á vinnumarkaði og telst sú forsenda samninganna brostin. 



NÝTT SAMNINGALÍKAN OG STAÐA KJARASAMNINGA

Trúnaðarráð VR og trúnaðarmenn á vinnustöðum funduðu síðari hluta janúar til að taka stöðuna á kjarasamningum og ræða hugmyndir sem fram hafa komið um nýtt vinnumarkaðslíkan. Formaður VR, Ólafía B. Rafnsdóttir, fór yfir stöðu kjarasamninga og forsendur þeirra en forsendunefnd skilaði í lok febrúar mati á því hvort forsendur hafi staðist. Sjá nánari umfjöllun hér á undan.

Bryndís Hlöðversdóttir ríkissáttasemjari flutti erindi á fundinum og ræddi horfur og helstu áskoranir á vegferðinni að nýju samningalíkani. Hún rifjaði upp ástæður þess að vinna við nýtt samningalíkan hófst. Nafnlaunahækkunarir á Íslandi hafi verið um 3–4% hærrí en á Norðurlöndunum að meðaltali frá aldamótum en verðbólgan hafi að jafnaði verið meiri hér. Merkja megi ákveðna breytingu á viðhorfi samtaka á vinnumarkaði, áherslan sé nú á að semja um kaupmátt og stöðugleika í stað prósentuhækkana.

Aðilar vinnumarkaðarins leituðu í smíðju Steinars Holdens, prófessors við Óslórháskóla, sem vann skýrslu um reynsluna af núverandi samningaferli og mögulegar úrbætur og fór Bryndís yfir helstu niðurstöður hans. Ákveðnar grunnforsendur þurfa að vera til staðar. Í fyrsta lagi þurfa aðilar á vinnumarkaði að vera sammála um að svigrúm til launahækkana ráðist af stöðu og samkeppnishæfni atvinnulífsins. Í öðru lagi þarf að vera til staðar sameiginlegur skilningur á þeim úrlausnarefnum sem við stöndum frammi fyrir og skilningur á því að launapróun sé hófleg og sjálfbær.


TRAUST ER LYKILHUGTAK

Á Norðurlöndum er rík hefð fyrir virku samráði samtaka vinnumarkaðar og ríkisvaldsins, sagði Bryndís. Hér á landi sé vissulega samráð, en ekki mjög formlegt og lítt stofnanabundið. Stjórnvöld hafa ríku hlutverki að gegna við að koma á hér samningalíkani sem styður við stöðugleika og

aukinn kaupmátt og e.t.v. má koma samskiptum þeirra og samtökum á vinnumarkaði í formlegri farveg til að efla traust. Traust er lykilhugtakið hér, sagði Bryndís – traust milli aðila vinnumarkaðar, traust milli vinnumarkaðar og stjórnvalda og traust almennings á að allir séu að róa í sömu átt.

Steinar Holden bendir á í skýrslu sinni að brýnt sé að byggja upp agað vinnumarkaðslíkan og setur fram nokkrar hugmyndir að því hvernig hægt er að byggja upp traust á nýjan leik. Bryndís fjallaði um tvö dæmi, samráðsvettvang aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda sem myndi ræða efnahagslegar forsendur launamyndunar og nefnd um tölfræðilegar undirstöður launamyndunarinnar.

SKILVIRKARI VINNUBRÖGÐ

Í reynd snýst hugmyndin um nýtt samningalíkan kannski fyrst og fremst um það að taka upp skilvirk vinnubrögð við kjarasamningagerðina, sagði Bryndís. Alþjóðavinnumálastofnunin hefur bent á að kjaradeilur hafi í eðli sínu breyst samhliða þjóðfélagsbreytingum, sem kalli á stöðuga endurskoðun þeirra kerfa sem við notum til að leysa ágreininginn. Vinna við nýtt samningalíkan liggur niðri eins og staðan er núna, sagði Bryndís en til að halda vinnunni áfram er umræða í baklandinu mjög mikilvæg. Framundan er svo að taka ákvarðanir um framhaldið. 

EKKI GLEÝMA ÞÉR – TAKTU ÞÁTT Í KÖNNUN VR

Við hvetjum þig til að taka þátt í könnun VR á fyrirtæki ársins og launakjörum, ávinningurinn er mikill! Hægt er að svara á Mínum síðum á vefnum.



Fyrirtæki ársins 2017 verða kynnt í maí en nú eru liðnir tveir áratugir síðan VR kynnti fyrst til sögunnar þessa viðurkenningu. Valið byggir á rafrænni könnun VR sem send er til allra félagsmanna. Einnig er hægt að svara könnuninni á Mínum síðum á vef VR, www.vr.is.

TUTTUGU ÁRA SAGA

Í mars árið 1997 kynnti VR í fyrsta skipti Fyrirtæki ársins og var sú viðurkenning veitt fyrir árið 1996. Valið byggði á vísitölu þar sem starfsmannavelta og launakjör voru lögð til grundvallar en sú vísitala var gerð í tengslum við vinnu við kjarasamninga það ár.

Ári síðar var fyrsta Fyrirtæki ársins valið á grundvelli könnunar meðal félagsmanna. Þá var könnunin gerð í síma meðal 1.500 manna úrtaks úr félagakerfinu og spurningarnar alls tíu talsins. Um 1.200 svör bárust. Í ár er könnunin rafræn eingöngu og nær til allra félagsmanna sem eru hátt í 35.000 talsins. Auk þeirra taka þátt um sex þúsund aðrir starfsmenn á vinnumarkaði hjá fyrirtækjum sem tryggja öllum starfsmönnum sínum þátttöku í könnuninni, ríflega 160 fyrirtæki.

FYRIRTÆKI ÁRSINS NÚ FIMMTÁN TALSINS

Spurningum í könnuninni má skipta í níu lykilþætti; stjórnun, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd

fyrirtækis, jafnrétti og ánægju og stolt af vinnustaðnum. Fyrirtæki fá einkunn fyrir hvern einstakan þátt sem saman mynda síðan heildareinkunn fyrirtækisins. Niðurstöður fyrirtækjanna eru birtar opinberlega á vef VR og tilkynnt hvaða fyrirtæki þykja standa sig best, að mati starfsmannanna.

Í ár verða gerðar breytingar á kynningu á niðurstöðunum. Fimm fyrirtæki í hverjum stærðarflokki fá titilinn Fyrirtæki ársins í stað eins áður. Alls eru stærðarflokkarnir þrír og fá þannig fimmtán fyrirtæki þessa viðurkenningu í ár. Einungis koma til greina í vali á Fyrirtæki ársins þau fyrirtæki sem tryggja öllum starfsmönnum sínum þátttöku.

Niðurstöður í könnun VR á Fyrirtæki ársins veita félagsmönnum upplýsingar um starfskjör í fyrirtækjum á almennum markaði og viðhorf starfsmanna þeirra. Niðurstöðurnar eru því mikilvægur mælikvarði á frammistöðu fyrirtækjanna sem vinnustaða og gefa stjórnendum upplýsingar um hvað vel er gert og hvað má betur fara.

LAUNAKÖNNUN VR

Samhliða könnun á Fyrirtæki ársins fá fullgildir félagsmenn einnig launakönnun VR. Fullgildir eru þeir félagsmenn sem hafa greitt lágmarksfélagsgjald til VR á þeim tíma sem könnunin er send út. Markmiðið með launakönnun er að gefa félagsmönnum upplýsingar um markaðslaun í mismunandi starfs- og atvinnugreinum svo þeir geti borið sín eigin laun saman við laun í sambærilegum störfum og geirum.

Launakönnun veitir einnig mikilvæga innsýn í önnur starfskjör, s.s. vinnutíma, þróun launa, launabil milli hópa, hlunnindi og aukagreiðslur svo fátt eitt sé nefnt. Í launakönnun er einnig iðulega spurt um viðhorf til ýmissa annarra þátta, s.s. lýðræðis á vinnustað, fordóma á vinnumarkaði, jafnréttis innan fyrirtækis o.s.frv.

Þá er launakönnun einnig mikilvægur þáttur í baráttunni fyrir jöfnum launum karla og kvenna á vinnumarkaði en VR hefur áratugum saman barist gegn launamun kynjanna. Niðurstöður um mun á heildarlaunum karla og kvenna sem og kynbundnum launamun eru birtar samhliða niðurstöðum um þróun launa. www.vr.is

Nánari upplýsingar um kannanir VR eru á www.vr.is

ÚR LÖGUM VR UM KOSNINGAR

20.1. UM KOSNINGU FORMANNS OG STJÓRNAR

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu sjö stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og þrjár varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

20.2. UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd, skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði, skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal Uppstillinganefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en

ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

20.3. UM FRAMKVÆMD KOSNINGA

Kjörstjórn úrskurðar um lögmati framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti ein vika.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.



Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum. Kjörstjórn úrskurðar um hæfi og kjörgengi

allra frambjóðenda og auglýsir að því loknu upphaf atkvæðagreiðslu sbr. reglugerð ASÍ um leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu. Úrskurðir kjörstjórnar eru endanlegir.

Kosning skal fara fram innan 6 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.


Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur, einn eða fleiri, meðal félagsmanna með frambjóðendum fyrir upphaf kjördags. Framkvæmd og undirbúningur kosninga fara að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

20.4. UM KJÖRSEÐLA OG RÖÐUN Á LISTA

VIÐ KOSNINGU TIL STJÓRNAR:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til tveggja ára. Næstu þrjár teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til eins árs.

VIÐ KOSNINGU TIL TRÚNAÐARRÁÐS:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raða í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann, sbr. 5. mgr. 20. gr. 2, skal nöfnum raða á kjörseðil í stafrófsröð. 

ALLSHERJAR- ATKVÆÐAGREIÐSLA Í VR 2017

Allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs stjórnar VR kjörtímabilið 2017–2019 hefst þriðjudaginn 7. mars 2017 kl. 9.00 og lýkur þriðjudaginn 14. mars 2017 kl. 12.00 á hádegi. Atkvæðagreiðslan er rafræn.

HVERJIR HAFNA ATKVÆÐISRÉTT?

Atkvæðisrétt í kosningunum hafa allir fullgildir VR-félagar. Á kjörskrá eru einnig eldri félagsmenn (hættir atvinnuþáttöku vegna aldurs) sem greiddu eitthvert félagsgjald á 67. aldursári og höfðu greitt a.m.k. 50 mánuði af 60 á síðustu fimm árum áður en þeir urðu 67 ára.

UPPLÝSINGAR TIL ATKVÆÐISBÆRRA FÉLAGSMANNA

Allir kosningabærir félagsmenn fá sendar upplýsingar í tölvupósti um hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Upplýsingarnar verða einnig aðgengi- legar á Mínum síðum. Aðgangur að rafrænum atkvæðaseðli er frá vef VR. Þeir sem ekki hafa aðgang að atkvæðaseðli en telja sig eiga rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslunni geta sent erindi til kjörstjórnar á netfangið kjorstjorn@vr.is eða í pósti til Kjörstjórnar VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fyrir lok kjörfundar. Kærufrestur er til loka kjörfundar.

HVERNIG Á AÐ KJÓSA?

Til að kjósa er farið á vef VR, www.vr.is, smellt á Kosningar 2017. Innskráning er með Íslykli eða rafrænum skilríkjum. Þá opnast atkvæðaseðill í nýjum vafra og upplýsingar um hvað á að gera til að greiða atkvæði. Merkja skal við minnst einn en mest sjö í stjórnarkjöri. Rétt er að benda á að úthlutun sæta í stjórn á grundvelli niðurstöðu kosninganna fer fram með svokallaðri fléttuaðferð, þ.e. karlar og konur raðast til skiptis í sætin.

FRAMBJÓÐENDUR

Kosið er á milli 2 frambjóðenda til formanns og milli 11 frambjóðenda til sjö sæta í stjórn.

FRAMBJÓÐENDUR TIL FORMANNS VR ERU, Í STAFRÓFSRÖÐ:

Ólafía B. Rafnsdóttir, núverandi formaður VR
Ragnar Þór Ingólfsson, stjórnarmaður í VR

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR VR ERU, Í STAFRÓFSRÖÐ:

Birgir Már Guðmundsson	K. Svava Einarsdóttir
Elisabeth Courtney	Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Guðrún Björg Gunnarsdóttir	Ólafur Reimar Gunnarsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir	Rannveig Sigurðardóttir
Harpa Sævarsdóttir	Unnur María Pálmadóttir
Helga Ingólfssdóttir	

VOTING FOR THE POSITIONS OF BOARD MEMBERS

VR will hold a secret ballot to elect board members for VR for the term 2017-2019. The voting will begin at 9.00 AM 7th March 2017 and will end at 12.00 noon on 14th March 2017.

WHO IS ENTITLED TO VOTE?

All VR members in good standing are entitled to vote. Also entitled to vote are senior members (retired) who paid some dues in their 67th year and paid dues for at least 50 of the 60 months from age 62 to 67. Access to electronic ballot papers is via the VR website. If you believe you are entitled to vote but do not have access to the ballot papers, please send a complaint to the VR election committee, VR, Kringlunni 7, 103, Reykjavik or by e-mail to VR's election committee kjorstjorn@vr.is, before the end of voting.

HOW TO VOTE?

The voting is electronic via the VR website, www.vr.is, please choose the button Voting 2017 (Kosningar 2017). To access the ballot papers you need either an Icekey (Íslykill) or E-Certificate (Rafræn skilríki), which you can apply for on the website island.is. Once you have logged on you will be directed to the ballot. Members are also welcome to cast their votes at the offices of VR in Reykjavik, Vestmannaeyjar, Akranes and Egilsstaðir during the election. The votes will be counted as soon as voting ends.

CANDIDATES FOR POSITION OF PRESIDENT ARE, IN ALPHABETICAL ORDER:

Ólafía B. Rafnsdóttir
Ragnar Þór Ingólfsson

CANDIDATES FOR SEVEN SEATS ON THE EXECUTIVE BOARD ARE, IN ALPHABETICAL ORDER:

Birgir Már Guðmundsson	K. Svava Einarsdóttir
Elisabeth Courtney	Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Guðrún Björg Gunnarsdóttir	Ólafur Reimar Gunnarsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir	Rannveig Sigurðardóttir
Harpa Sævarsdóttir	Unnur María Pálmadóttir
Helga Ingólfssdóttir	



Ólafía B. Rafnsdóttir

Fæðingardagur og ár: 29. október 1960

Félagasvæði: Reykjavík og nágrenni

Netfang: olafia@vr.is

Facebook: Ólafía B. Rafnsdóttir

MENNTUN, STARFSREYNSLA OG FÉLAGSSTÖRF

Ég útskrifaðist með MBA-gráðu frá Háskóla Íslands árið 2010, lauk námi í mannauðsstjórnun við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2005 og verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við sömu stofnun árið 2004. Ég starfaði sem framkvæmdastjóri mannauðssviðs hjá 365 miðlum 2005–2012. Þar sá ég meðal annars um þverfagleg verkefni og kjarasamningagerð. Ég var deildarstjóri innheimtudeildar Tals 1999–2002 og þjónustustjóri Islandia Internet 1997–1999. Ég starfaði á skrifstofu VR 1989–1996, hóf störf í móttöku félagsins, fór síðan í kjaramáladeild, var í afleysingum í Sjúkkrasjóði og sá síðan um bókhald VR og skyldra félaga. Ég var formaður starfsgreinaráðs skrifstofu- og verslunargreina árið 2001, sat í stjórn Kvenréttindafélags Íslands 1995–2001, var varamaður í Jafnréttisráði 2001–2003 og formaður landsliðsnefndar kvenna í handbolta 1995–1996.

Undanfarin fjögur ár hef ég starfað sem formaður VR og varaformaður Landssambands Íslenskra verzlunarmanna auk þess sem ég var kosin fyrsti varaforseti ASÍ í október árið 2014. Önnur ábyrgðarstörf mín innan ASÍ eru eftirfarandi: formaður Vinnumarkaðsnefndar, formaður Jafnréttis- og fjölskyldunefndar, sit í lífeyris- og veikindaréttarnefnd, skipulags- og starfsháttanefnd sem og miðstjórn. Ég sit í stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs, stjórn Nýsköpunarsjóðs, stjórn Virk og framkvæmdastjórn, auk þess sem ég á sæti í stjórn Bjargs íbúðafélagsins sem stofnað var á vegum ASÍ.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég vil stuðla að því að við búum í réttlátu samfélagi. Ég vil auka og styrkja enn frekar þjónustu félagsins við félagsmenn og styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði.

MÍNAR ÁHERSLUR ERU:

- Að auka enn frekar kaupmátt og stuðla að stöðugleika.
- Að tryggja betur stöðu unga fólksins á vinnumarkaði og efla áhuga þeirra á sínum réttindamálum.
- Að halda áfram uppbyggingu á leiguibúðum fyrir tekjulægri félagsmenn okkar.
- Að tryggja raunfærnimat og stuðning við okkar félagsmenn í starfsmenntamálum.
- Tryggja að starfsreynsla sé metin og greidd séu laun fyrir reynslu og þekkingu.
- Að vinna að því að launamun kynjanna verði eytt.
- Að tryggja það að með bættri afkomu félagsins njóti félagsmaðurinn þess í þjónustu við félagið.

HELSTU ÁHERSLUR Í STARFI MÍNU SEM FORMAÐUR VR

Þegar ég bauð mig fram til formanns árið 2013 lagði ég megináherslu á nokkur atriði sem mig langar að fjalla stuttlega um.

STÖÐUGLEIKI OG AUKINN KAUPMÁTTUR

Þegar við spyrjum félagsmenn VR hvað eigi að setja í forgang við gerð kjarasamninga eru stöðugleiki og aukinn kaupmáttur alltaf efst á blaði. Það hef ég haft að leiðarljósi síðastliðin fjögur ár, ekki bara við kjarasamninga-gerðina heldur í allri starfsemi félagsins. Á þeim tíma sem ég hef verið formaður VR hafa verið gerðir þrjú kjarasamningar. Sá fyrsti var samþykktur í janúar 2014. Í júní 2015 var nýr kjarasamningur samþykktur og í október 2015 var síðan undirritað rammasamkomulag aðila á vinnumarkaði. Í febrúar 2016 var þriðji kjarasamningurinn samþykktur.

Þegar ég tók við sem formaður árið 2013 voru blikur á lofti í kjölfar hrunsins. Launamenn höfðu tekið á sig miklar kjaraskerðingar og baráttan fyrir betri launum og auknum kaupmætti var efst á blaði. Frá þessum tíma hefur kaupmáttur aukist um ríflega 20% og atvinnuleysi farið úr 6,2% í mars 2013 í 2,9% í dag.

KJARAMÁLIN ERU HJARTA FÉLAGSINS

Félagið okkar byggir á kjarasamningum og er kjaramálsvið hjarta VR. Nauðsynlegt var að ganga í skipulagsbreytingar og setja kjaramálin aftur í öndvegi og var það eitt af því fyrsta sem gert var eftir að ég tók við formennsku í félaginu. Starfsemin hefur einnig verið styrkt á annan mikilvægan hátt með aukinni áherslu á þátttöku trúnaðarmanna í störfum félagsins. Trúnaðarráð og trúnaðarmenn á vinnustöðum eru okkur mikilvægir – þar er rödd félagsins.

AUKIN ÞÁTTTAKA Í SAMFÉLAGINU

Við höfum tekið aukinn þátt í þjóðmálaumræðunni. Hér vil ég m.a. nefna gagnrýna umfjöllun um vaxtamun bankanna, hækkun stjórnarlauna í bönkunum og arðgreiðslur tryggingafélaganna. Þátttaka okkar í umræðunni um launamun kynjanna er öllum kunn. Jafnlaunavottun VR er til marks um baráttuna fyrir jöfnum launum karla og kvenna á vinnumarkaði í heild sinni og við fögnum áherslum nýrrar ríkisstjórnar í jafnréttismálum.

BREYTING Á TILNEFNINGU TIL STJÓRNAR LÍFEYRISSJÓÐS VERZLUNARMANNA

Gerðar hafa verið veigamiklar breytingar á verklagi við tilnefningu stjórnarmanna VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Markmiðið var að opna ferlið og gera það gegnsærra. Í mínum huga var það einfaldlega ekki lýðræðislegt að stjórnarmenn í VR gætu kosið sjálfa sig inn í stjórn LV. Þörf

umræða var um þessar breytingar og ályktaði stjórn VR m.a. að það væri ekki við hæfi að þeir sem sætu í stjórn LV sætu einnig í stjórnnum þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn ætti í.

AUKIN ÞJÓNUSTA OG MEIRI NÁND

Ég hef síðustu ár lagt áherslu á að færa þjónustu VR nær félagsmönnum. Starfsmenntamál, unga fólkíð, búsetumál, réttindi félagsmanna og aukning í orlofskostum er meðal þess sem ég legg áherslu á.

Atvinnulífið og stéttarfélagin verða að fylgja því fast eftir að nýjar áherslur í starfsmenntamálum fái þann stuðning sem til þarf. Aukin menntun eykur ekki eingöngu verðmætasköpun heldur bætir lífsgæði. Það er, þegar upp er staðið, helsta ástæða þess að við leggjum mikla áherslu á starfsmenntamálin.

Þau mál sem hafa komið upp varðandi laun og vinnutíma ungs fólks undanfarið sýnir að víða er pottur brotinn. Mikil þörf var fyrir VR-Skóla lífsins en hann var eðlilegt framhald af vinnu VR við að fræða ungt fólk um réttindi og skyldur. Í dag hafa flestir framhaldsskólar tekið námsefni VR-Skóla lífsins upp.

Húsnæðismálin eru annað sem skiptir okkur miklu máli. Í kjarasamningi okkar 2015 var samið um uppbyggingu á leiguhúsnæði fyrir lægri tekjuhópana okkar á vinnumarkaði. Miðað er við að greiðslubyrði leigu fari ekki yfir 25% af heildartekjum að teknu tilliti til húsnæðisbóta. Það er ánægjulegt að segja frá því að verkefnið er komið af stað og vonumst við til að fyrstu íbúðirnar líti dagsins ljós árið 2019.

VR telur að íslenska ríkinu hafi verið óheimilt að skerða rétt félagsmanna til atvinnuleysisbóta með því að stytta bótatímabilið um sex mánuði, eins og gert var með breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar, og höfðaði mál gegn ríkinu til að fá þessari ákvörðun hnekkt. VR vann málið í héraðsdómi og er nú beðið niðurstöðu Hæstaréttar.

Stjórn VR tók nýlega þá ákvörðun að hefja átak í uppbyggingu orlofshúsa. Ekki hefur verið ráðist í svona mikið átak í þessum málum í mörg ár þrátt fyrir mikla fjölgun félagsmanna. Þá liggur fyrir aðalfundi félagsins tillaga um að auka framlag í VR varasjóð um 40% en með því er verið að greiða meira til baka til félagsmanna en áður hefur verið gert.

ÉG ÓSKA EFTIR ÞÍNUM STUÐNINGI

Þegar ég lít til baka er ég stolt af þeim stóru verkefnum sem ég hef farið fyrir sem formaður VR. Það er hins vegar svo að enginn gerir allt einn. Samstarf innan stjórnar og trúnaðarráðs hefur verið afar gott síðastliðin tvö ár auk þess sem að á skrifstofu VR er afburðastarfsfólk. Án þessa góða samstarfs hefði ekki gengið jafnvel að koma málum félagsins á framfæri og raun er á. Ég óska því eftir áframhaldandi brautargengi frá ykkur félagsmönnum. Ég hvet ykkur til að nýta kosningaréttinn.



RAGNAR ÞÓR INGÓLFSSON

Fæðingardagur og ár: 17. maí 1973

Félagasvæði: Reykjavík og nágrenni

Netfang: ragnarthoringolfsson@gmail.com

Facebook: Ragnar Þór Ingólfsson

Blogg: kvennabladid.is/author/ragnar/
facebook.com/semformannVR/

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Útilegumaðurinn, innkaupa- og verslunarstjóri. Fjölbrautaskólinn Breiðholti. Hef sótt fjölda námskeiða hér heima og erlendis á sviði sölu og innkaupastýringar. Sótt námskeið fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖFUM

Sölustjóri í Erninum 1992–2016, stjórnarmaður í VR frá 2009 til dagsins í dag. Kom að stofnun Hagsmunasamtaka heimilanna árið 2009 og hef setið í stjórn frá 2015. Er stjórnarmaður í Lauf Forks. Var í stjórn Borgara-hreyfingarinnar og bauð mig fram til Alþingis með Dögun 2016. Einn af stofnendum og stjórnarmaður í góðgerðarfélaginu Reykjavík Bacon festival. Er í fulltrúaráði Bjargs íbúðafélags. Er í framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR og hef gegnt fjölda trúnaðarstarfa fyrir VR, meðal annars í framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR. Var einnig í siðanefnd VR og tók virkan þátt í að koma kosningaréttinum til allra félagsmanna VR. Hef verið virkur í greina-skrifum um lífeyrissjóðakerfið, verkalyðshreyfinguna og fjármálakerfið, bæði í blöðum og með blogg pistlum á mbl.is, dv.is og Kvennablaðinu.

HELSTU ÁHERSLUR

Helstu áherslur eru að vikka út kjarabaráttu VR sem snýr að öllu sem áhrif hefur á lífskjör okkar frá degi til dags og verkalyðshreyfingin hefur látið ótalið að beita sér fyrir. Ég mun beita mér fyrir afnámi verðtryggingar og lækkun vaxta. Ég mun beita mér sérstaklega í húsnæðismálum, óhagnaðar-drifnum leigufélögum, mannsæmandi lánakjörum með aðkomu lífeyrissjóða í samfélagslegum verkefnum sem bæta lífsgæði okkar alla ævina. Ég mun beita mér fyrir því að sjóðfélagar kjósi stjórnir lífeyrissjóða og að aðkoma atvinnurekenda að stjórnun þeirra verði takmörkuð að öllu leyti. Ég mun beita mér sérstaklega fyrir bættum kjörum ungs verslunarfólks sem og almennum kjörum okkar allra. Ég mun beita mér gegn SALEK samkomulaginu sem ég tel vera ein stærstu svik við launafólk í sögu hreyfingarinnar. Ég tel að ASÍ hafi brugðist launafólki á allan mögulegan hátt í ólgusjú árána eftir hrún og er framboð mitt á margan hátt vantraust á núverandi forystu ASÍ í bland við óbilandi áhuga á kjarabaráttu og VR.

ÞEGAR BALLIÐ VAR BÚIÐ

Það er varla búíð að þrifa eftir síðustu veisluhöld þegar ballið er byrjað aftur. Æla er upp um alla veggj, allt brotið og bramlað. Samfélagið er í rúst og þrályktin af kampavini og kavíar er megn.

Lykilstjórnendur Eimskips riðu á vaðið haustið 2012, á fjögurra ára afmæli hrunsins og veittu sér veglega kaupauka og kaupréttarsamninga sem höfðu þá gefið um 300 milljónir í aðra höndina. Samfélagið fór nánast á hliðina við þær fréttir og voru þessar ákvarðanir dregnar til baka, tímabundið, enda félagið í miðju útboði á þeim tíma. Síðan þá hafa stjórnendur fjármála-fyrirtækja tryggt sér himinháa árangurstengda bónusa við að fullnusta kröfur á almenning sem fengust fyrir slíkk. Ríkisstjórnin stefnir svo á stærstu einkavæðingu Íslandssögunnar. Hvað gerði verkalýðshreyfingin?

Vorið 2009 skapaðist mikil umræða í þjóðfélaginu um sjálfþökuna og ofur-launin. Ég hafði þá nýverið tekið sæti í stjórn VR og fékk samþykkt, á stjórnar-fundi, launapak á forstjóra lífeyrissjóðsins. Daginn eftir sagði forstjórnin upp störfum vegna breytinga á baklandi. Einnig var gerð sátt um laun formanns VR, sem höfðu þróast með ævintýraleikum hætti á þessum tíma. Með öðrum orðum virkaði að beita kröftum og ítökum launafólks í lífeyris-sjóðunum og í stjórn VR. Það var hægt að breyta einhverju í annars inn-múruðu og spilltu lífeyrissjóðakerfi þar sem háværaasta Já-fólki fékk feitustu stöðurnar. Í kjölfarið fengum við, með þrotlausri baráttu, kosningarétt í eigin félagi til að kjósa okkur forystu.

HVAÐ HEFUR GERST SÍÐAN 2009?

Formaður VR hækkaði í launum frá maí 2015 um 43,5% eða úr 988.936 kr. í mánaðarlaun, fyrir utan bifreiðahlunnindi, í 1.410.043 kr. á mánuði með ökutækjastyrk á meðan félagsmenn VR hækkuðu um 12,6% yfir sama tímabil. Forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna var með rúmar 18,2 milljónir kr. í árslaun árið 2009 og er með í dag um 40 milljónir kr. í árslaun. Þetta er sama fólkíð og hefur krafíð hinn almenna félagsmann um hófsemi í launa-kröfum til að verja stöðugleika og kaupmátt í heilaga nafni SALEK. Ballið virðist byrjað víða þar sem stjórnendur virðast á góðri leið með að blása í enn eitt sjálfþökupartýið sem við vitum öll hvernig endar. Tökum græjurnar úr sambandi og lokum barrekningnum. Hættum þessari meðvirkni.

Stöndum saman og látum ekki bjóða okkur þessa vitleysu lengur og krefj-umst raunverulegra kjarabóta frá niður og upp, ekki öfugt. Á Íslandi hefur fjölmörgum kerfum verið komið á til að bæta lífskjör okkar. Í dag eru þessi kerfi fjársvelt og vanrækt eins og heilbrigðiskerfið, almannatryggingakerfið og menntakerfið á meðan önnur beinlínis vinna gegn hagsmunum almennings eins og fjármálakerfið, auðlindakerfið og lífeyrissjóðakerfið. Íslensku lífeyrissjóðirnir eru langstærstu eigendur skráðra og óskráðra verðbréfa á Íslandi ásamt því að vera stærstu eigendur húsnæðislána almennings og sannkallaðir risar á leigumarkaði. Lífeyrissjóðirnir eru því með beinum og óbeinum hætti stærstu eigendur húsnæðislána almenn-ings, leiguíbúða, smásöluverslana og þjónustufyrirtækja hér á landi. Sjóð-irnin hafa því beinan hag af háum vöxtum, háu leiguverði, hári álagningu

og lágum launum. Það er því mikilvægt að víkka út kjarabaráttu VR sem snýr að öllu sem áhrif hefur á lífskjör okkar frá degi til dags og verkalýðs-hreyfingin hefur látið ótalið að beita sér fyrir. Ég mun beita mér fyrir afnámi verðtryggingar og lækkun vaxta. Ég mun beita mér sérstaklega í húsnæðis-málum, fyrir óhagnaðardrífnum leigufélögum, mannsæmandi lánakjörum með aðkomu lífeyrissjóða í samfélagslegum verkefnum sem bæta lífsgæði okkar alla ævina. Ég mun beita mér fyrir því að sjóðfélagar kjósi stjórnir lífeyrissjóða og að aðkoma atvinnurekenda að stjórnun þeirra verði takmörkuð að öllu leyti. Ég mun beita mér sérstaklega fyrir bættum kjörum ungs verslunarfolks sem og almennum kjörum okkar allra. Ég mun beita mér gegn SALEK samkomulaginu sem ég tel vera ein stærstu svik við launafólk í sögu hreyfingarinnar. Ég tel að ASÍ hafi brugðist launafólki á allan mögulegan hátt í ólgusjó eftirhrunsáranna og er framboð mitt á margan hátt vantraust á núverandi forystu ASÍ í bland við óbilandi áhuga á kjarabaráttu og VR.

Við erum alin á uppgjöf og aumingjaskap af öllum þeim sem þykjast fara með umboð okkar og hagsmuni. Stjórnarmál og verkalýðsbarátta eru engin eldflaugavísindi. Að skipta jafnt og af sanngirni er ákvörðun. Að taka stöðu með fjöldanum á kostnað ríkasta minnihlutans er jafnmikið val og að gera það ekki. Við getum gert svo miklu miklu betur. Daginn sem kjósendur sjá í gegnum augljósan áróður sérhagsmuna og hafa kjark til að kjósa gegn þöggun og hræðsluáróðri er dagurinn sem við breytum heiminum. Þangað til mun ekkert breytast.



Birgir Már Guðmundsson

Fæðingardagur og ár

4. janúar 1966

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

birgir66@gmail.com



Elísabet Courtney

Fæðingardagur og ár

22. júní 1982

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

elisabethanncourtney@gmail.com

Facebook

Elisabeth Courtney

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

SORPA bs, verkefnastjóri, vinnuvernd og öryggismál. Viðskiptafræðingur frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst 2003.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef langa reynslu af félagsmálum enda hafa félagsmál verið eitt af mínum aðal áhugamálum.

- Ég hef átt sæti í stjórn Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (FVH) þar sem ég gegndi síðast hlutverki varaformanns, árin 2012–2016.
- Gegndi hlutverki kjarafulltrúa sem stjórnarmaður FVH.
- Þá hef ég verið trúnaðarmaður VR á mínum vinnustað frá árinu 2006 til 2017.
- Ég hóf störf fyrir VR sem fulltrúi í trúnaðarráði VR 2006–2009.
- Þá á ég sæti í framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR og gegni stöðu formanns launaneftar VR.

Áður hef ég bæði starfað sem lögreglumaður og tjónafulltrúi hjá einu af stóru tryggingafélögum í Reykjavík. Helstu verkefni mín sem tjónafulltrúa fólust í slysarannsóknum og gagnaöflun vegna vinnuslysa. Nú eiga vinnuvernd og öryggismál hug minn og sú þekking sem ég bý yfir nýtist mér afar vel í starfi og félagslífi.

HELSTU ÁHERSLUR

Hljóti ég stuðning í stjórn VR mun ég beita mér fyrir því að vinnuvernd og öryggismál fái aukið vægi í kröfum okkar launamanna gagnvart atvinnurekendum. Virkt vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og stofnunum er hornsteinn forvarna gegn vinnuslysum og atvinnutengdum sjúkdómum. Margt gott hefur áunnist en langt er í land og þá sérstaklega hjá smærri fyrirtækjum. Þá vil ég verja og efla starfsemi VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs. VIRK mótar, samþættir og hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa. Til mikils er að vinna bæði fyrir einstaklingana og þjóðfélagið í heild. Að lokum er ég þeirrar skoðunar að ASÍ og viðsemjendur þeirra þurfi að koma sér saman um viðunandi mælingu á lámarksframfærslu og að lámarkslaun fyrir 100% vinnu taki mið af henni á hverjum tíma.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM OG ÖNNUR STARFSREYNSLA

Áður en ég hóf störf hjá WOW air, í janúar 2016, starfaði ég í 10 ár hjá Actavis. Þar var ég mjög virk í öllum félagsstörfum. Ég gekk til liðs við starfsmannafélag Actavis árið 2006 og gegndi þar embætti meðstjóranda í 2 ár, síðar var ég kjörin formaður félagsins og gegndi því embætti í 5 ár, og var að lokum í embætti gjaldkera í 3 ár. Starfsmannafélag Actavis sá um fjölda viðburða, þ.m.t. 700–1000 manna árhátíð ár hvert, jólahlaðborð, fjölskyldudaga, leikshúsfærðir og fleira. Gjaldkeri sá um að greiða út íþróttastyrki og almennt utnumhald um reikninga.

Ég starfaði í Lyfju í 2 ár sem lyfjateknanemi og síðar í Actavis í 10 ár á skráningasviði. Í dag starfa ég hjá WOW air, þar sé ég um bókasafn tæknideildarinnar ásamt því að skipuleggja þjálfanir fyrir alla innan viðhaldsdeildar og skrifstofu tæknideildar.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef gríðarlegan áhuga á félagsstörfum og tel krafta mína og reynslu geta nýst vel innan VR. Ég er afskaplega skipulögð og sýni mikið frumkvæði. Ég hef gaman af því að setja saman viðburði sem gleðja aðra. Mig langar til þess að leggja mitt af mörkum til að byggja þessa starfsemi frekar upp og kynna félagsmönnum betur réttindi sín og starfsemi VR. Réttlætiskennnd mín er afskaplega sterk og ég vil berjast fyrir bættum kjörum þeirra sem þess þurfa.



Guðrún B. Hallbjörnsdóttir

Fæðingardagur og ár

13. desember 1957

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

gudrunbh@simnet.is



Guðrún Björg Gunnarsdóttir

Fæðingardagur og ár

9. nóvember 1980

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

gudrunbjorggunn@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Vörður tryggingar, viðskiptaumsjón. Tryggingaskóli SÍT, skrifstofubraut MK, Húsmæðraskóli Suðurlands Laugarvatni 1974–1975. Ég starfaði hjá Landsbanka Íslands 1984–1987, SPRON frá 1987–1989. Var heimavinnandi frá 1989–1998 og sinnti börnum okkar hjóna sem fæddust 1989 og 1992, sem var forgangsröðun og val okkar á fyrstu árum barnanna. Bjó í Danmörku frá 1994 til áramóta 1996/1997 er eiginmaðurinn bætti við sig námi.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið í stjórn VR frá 2013, á þessum tíma hef ég verið í stjórn starfsmenntanefndar og einnig í stjórn sjúkrasjóðs, að auki er ég varamaður SVS. Einnig var ég varamaður í orlofsnefnd 2013–2015. Ég hef verið í VR með hléum frá 1979 og virkur félagi samfelld frá 1998. Ég hef verið í trúnaðarráði VR frá 2012 og hef setið þing ASÍ 2012, 2014 og 2016 þar að auki hef ég setið LÍV þing 2013 og 2015

HELSTU ÁHERSLUR

Ég býð mig fram til starfa fyrir VR af áhuga og með þá þekkingu sem ég hef öðlast á þessum árum, ég vil halda áfram að vinna að jöfnuði og réttindum félagsmanna okkar. Undanfarin ár hef ég séð hvað félagið hefur vaxið og dafnað og vil ég leggja mitt að mörkum að gera VR sterkara félag til langs tíma. VR hefur vakið athygli á jafnlaunavottun sem fór af stað 2013 til að vekja athygli á launamun kynjanna og hafa allmörg fyrirtæki tekið þátt í verkefninu. Kjaramál eru líka eitt af mínum hjartans málum og við erum búin að ná fram gífurlegum árangri á undanförunum áratugum og þurfum að standa vörð um hagsmunum okkar og missa ekki þau réttindi sem hafa áunnist, eins og baráttan fyrir því að lámarkslaun standist lágmarksframfærslu. Húsnæðismálin hafa verið í umræðunni undanfarin ár. Húsnæðisfélagið Bjarg var stofnað á síðasta ári og er ætlað að koma á mótis við félagsmenn ASÍ og BSRB og hefur félagið fengið viljafyrirslýningu frá Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ um lóðir undir byggingu leiguhúsnæðis. Ég er mikill talsmaður þess að stuðla að því að hvetja félagsmenn til að nýta sér í auknum mæli endurmenntunarsjóðinn sér til framdráttar, bæði ungrir og þeir sem eldri eru. Endurmenntun gefur góða möguleika til þess að prófa sig og þar með leggur starfsmaðurinn sitt af mörkum til að vaxa í starfi. Sjálf fór ég þá leið, eftir að hafa helgað mig barnaupveldi í átta ár, og fór svo aftur út á vinnumarkaðinn. Ef ég verð kosin í stjórn VR mun ég áfram leggja mitt af mörkum við að vinna fyrir félagsmenn af heiðarleika.

VINNUSTAÐUR OG STARF

Ég starfa sem verkefnastjóri hjá Actavis Group PTC ehf. Menntun: BS gráða í ferðamálafræðum frá Háskóla Íslands. Útskrifaðist með alþjóðlega D-vottun í verkefnastjórnun frá Verkefnastjórnunarfélagi Íslands 2015.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM OG ÖNNUR STARFSREYNSLA

Ég hef verið félagsmaður í VR nánast alla mína starfsævi. Ég gegni starfi trúnaðarmanns hjá Actavis. Er varaformaður Foreldrafélags Hvaleyrarskóla. Sit í stjórn Foreldraráðs Hafnarfjarðar og Skólaráðs Hvaleyrarskóla. Sat í stjórn félags nemenda í jarðfræði-, landafræði- og ferðamálafræði við HÍ. Á árinu 2015 var ég í forsvari fyrir hópi foreldra ungra barna í Hafnarfirði sem mótmæltu fyrirhuguðum breytingum á innritunardröf leikskólakleppa í bæjarfélaginu. Hópurinn lagði fram mótmæli og tillögur að breytingum til frambúðar sem nú er verið að innleiða.

Áður en ég hóf störf hjá Actavis starfaði ég í hótélgeiranum og hef sinnt öllum störfum sem hægt er að sinna í þeim geira, frá þrífum til hótélstjórnunar. Samhliða námi á framhalds- og háskólastigi vann ég hluta-störf á Argentínu og í verslun Villeroy & Boch í Kringlunni.

HELSTU ÁHERSLUR

Félagatið mín hjá VR hefur einkennst af því að þiggja það sem VR býður félagsmönnum upp á. Ég hef nýtt mér það í tengslum við varasjóðinn og starfsmenntastyrki en einnig hef ég þurft á aðstoð VR að halda í tengslum við kjaramál og reyndust kjarafulltrúar mér afar vel. Síðastu ár hef ég gegnt stöðu trúnaðarmanns hjá Actavis og í gegnum það starf hefur áhugi minn vaknað á því að gefa til baka til félagsins. Þarft og gott skref hefur verið stigið í baráttunni fyrir þá sem hafa lægstu launin en síðustu ár hefur millistéttin setið á hakanum í kjarasamningum þrátt fyrir að vera fjölmennasti hópur félagsmanna VR. Kominn er tími til að sinna millistéttinni og sérfræðingum okkar af afli. Styttir vinnuvika án lægri launa og fjölskylduvænna samfélag eru málefni sem standa mér nærri.

Til þessara verka er ég tilbúin og býð fram krafta mína í þágu félagsmanna.



Harpa Sævarsdóttir

Fæðingardagur og ár
8. maí 1971

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
harpasaev@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég er að vinna hjá Fastland bókhaldsstofu og sinni þar bókhaldsstörfum ásamt því að vera launafulltrúi. Þar á undan vann ég hjá AD Travel, sem bókari, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Ég vann einnig hjá Íshestum í nokkur ár og Flugfélaginu Atlanta í 15 ár. Ég var í Fjölbautaskólanum í Breiðholti en einnig var ég í námi hjá Promennt og svo í Endurmenntun Háskóla Íslands.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég sat í stjórn VR árin 2014–2016 og var síðan varamaður í eitt ár. Á þessum 3 árum hef ég öðlast góða reynslu og innsýn í það hvað VR snýst um. Ég hef setið í ýmsum nefndum, þar á meðal orlofsnefnd en orlofsmál eru eitthvað sem ég hef mikinn áhuga á. Einnig hef ég setið í launanefnd, Vinnudeilusjóði og er varamaður í laganefnd.

HELSTU ÁHERSLUR

Standa vörð um réttindi félagsmanna, s.s. kjarasamninga, orlofsréttindi og efla sjúkra- og starfsmenntasjóð. Ég vil líka leggja áherslu á orlofssvæði félagsmanna ásamt því að kynna betur fyrir þeim þau réttindi sem fylgja jafn sterku og öflugu félagi sem VR er. Uppbygging orlofssvæða félagsmanna hefur verið mjög góð en lengi má bæta. Nýverið var samþykkt að bæta við 10 sumarhúsum sem koma til útleigu í sumar. Annað sem ég hef barist fyrir síðan ég var kosin og tók sæti í orlofsnefnd er leyfi til að hafa gæludýr með sér í sumarbústaðina okkar og hefur verið bætt við 4 bústöðum sem leyfa gæludýr og vonandi verður hægt að bæta við fleiri slíkum bústöðum.



Helga Ingólfssdóttir

Fæðingardagur og ár
13. desember 1961

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
Helgai@hafnarfjordur.is.

Heimasíða
Helga Ingólfssdóttir

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa sem bókari og bæjarfulltrúi og er í námi til réttinda sem viðurkenndur bókari. Ég rak eigið fyrirtæki um árabíl og hef þannig góða reynslu af rekstri og stjórnun. Einnig var ég framkvæmdastjóri í innflutningsfyrirtæki í nokkur ár en ég starfaði einnig við ýmis bankastörf í hlutastarfi meðfram barnauppeldi. Ég lauk verslunarprófi frá Verzlunarskóla Íslands og rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntun Háskóla Íslands og hef auk þess sótt fjölmörg námskeið í gegnum árin í tengslum við vinnu og þau verkefni sem mér hafa verið falin.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM OG ÖNNUR STARFSREYNSLA

Ég hef setið í stjórn VR í tvö kjörtímabil. Er fulltrúi stjórnar í orlofs- og jafnréttisnefnd og hef tekið þátt í störfum kjaranefndar og húsnæðisnefnd. Ég hef um árabíl gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn, var formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Hafnarfirði frá 2007–2010 og var kosin í Efnahags- og viðskiptanefnd flokksins á síðasta landsfundi. Ég er bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og formaður Umhverfis- og framkvæmdaráðs og varaformaður Fjölskylduráðs. Ég er félagi í Gildinu, sem eru eldri skátar í Hafnarfirði, en ég var í skátastarfi sem barn og unglingur.

HELSTU ÁHERSLUR VEGNA FRAMBOÐS

Þrátt fyrir að margt hafi áunnist í jafnréttismálum eru enn næg verkefni til staðar og ég vil leggja mitt af mörkum til þess að vinna áfram að því að stuðla að jöfnuði í samfélaginu. Í jafnréttismálum þarf að standa vaktina og útrýma kynbundnum launamun sem sannarlega er enn til staðar. Lágmarkslaun á Íslandi eru alltof lág og duga ekki til framfærslu. Það verður að mínu mati stærsta verkefnið í næstu kjarasamningum að ná fram betri samningum fyrir félagsmenn þar sem áhersla á hækkun lægstu launa og stytting vinnutíma á að vera í forgangi. Ég vil beita mér fyrir því að launahækkunar í næstu kjarasamningum verði í krónutölu þannig að þeir sem lægstu launin hafa fái hlutfallslega meiri launahækkun. Það eru fjölmörg önnur verkefni sem VR þarf að beita sér fyrir á næstu misserum og má þar nefna lengingu fæðingarorlofs og kröfu um að ríki og sveitarfélög tryggi dagvistun þegar fæðingarorlofi lýkur þannig að ekki myndist umönnunarbíl þar til börn komast á leikskóla. Stytting á vinnuviku og sveigjanleg starfslok með minnkandi starfshlutfalli eru líka mikilvæg réttindi. Kæri félagsmaður; þitt atkvæði skiptir máli til þess að stuðla að því að stjórn VR verði skipuð sterkum einstaklingum sem hafa þekkingu og styrk til þess að vinna af heilugum fyrir félagsmenn. Ég vil vinna fyrir þig.



K. Svava Einarsdóttir

Fæðingardagur og ár

8. júní 1978

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

ksvava@internet.is

Facebook

K Svava Einarsdóttir



Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Fæðingardagur og ár

19. maí 1974

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

kristjana74@gmail.com

Facebook

Kristjana í stjórn VR 2017-2019

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Starfa í bókunardeild hjá Icelandair Hotels í proforma reikningagerð. Er með BA gráðu í ferðamálafræði, Diploma í mannauðsstjórnun og er í MBA námi við Háskólann í Reykjavík, áætluð útskrift er 2018. Hef starfað í ferðaþjónustu síðustu 13 árin.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef verið trúnaðarmaður VR síðan árið 2016 og félagsmaður VR síðan 2000, sit í félagsnefnd MBA nemenda og er í félagi ferðamálafræðinga. Hef komið að fjárflynum fyrir Kattholt í mörg ár ásamt öðrum félögum. Hef alla tíð haft áhuga á félagsstörfum og aðstoðað við ýmsa viðburði, sat í ýmsum nefndum á mínum yngri skólaárum.

HELSTU ÁHERSLUR

Fræðsla varðandi störf VR fyrir unga fólkið skiptir mig gífurlega miklu máli. Það þarf að efla vitund þeirra varðandi hvað VR getur gert fyrir það, hvort sem það varðar styrki, aðstoð við starfssamninga, launamál og annað sem VR býður upp á. Þetta er framtíðin okkar og við þurfum að efla samskipti VR og unga fólksins og styrkja það í réttindum sínum. Húsnæðismál fyrir unga fólkið eru mjög mikilvæg, það þarf að auðvelda því fyrstu skrefin. Þetta snýst um framboð húsnæðis, þróun leigumarkaðsins og möguleika á að eignast sitt fyrsta húsnæði. Launamál, sérstaklega fyrir láglaunastéttir. Mikið hefur verið rætt um að menntastigið í ferðaþjónustu hefur ekki verið hátt og því miður erum við ekki að útskrifa ferðamálafræðinga á sama hraða og ferðaþjónustan vex í landinu, þar af leiðandi er laununum haldið niðri og þessu þarf að breyta. Það þarf einnig að virkja félagsmenn betur, sérstaklega í menntunarmálum en aukin menntun gefur betri möguleika í framtíðinni. Við þurfum einnig að efla fyrirtækin í að launa sína starfsmenn þegar menntun er lokið.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Hef starfað í söludeild A4 í rúm 11 ár. Er með sveinspróf í hárskurði, hef lokið skrifstofubraut 1 og 2 frá MK ásamt námskeiðum af ýmsu tagi. Ég hef komið víða við á vinnumarkaðnum í gegnum tíðina. Byrjaði 13 ára að vinna í sjoppu og bensínstöð úti á landsbyggðinni. Hef unnið í frystihúsi, saltfisk og loðnu. Fór erlendis sem au-pair til Bandaríkjanna. Var rekstrarstjóri á skemmtistað í nokkur ár, vann í grunnskóla og við ýmis sölustörf.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég var trúnaðarmaður á mínum vinnustað frá 2006–2016. Sat í trúnaðarráði VR frá 2007–2009 og 2010–2011. Sat sem aðalmaður í stjórn 2011–2013, var varamaður í stjórn 2013–2015 og hef setið sem aðalmaður í stjórn undanfarin 2 ár. Ég hef setið í starfsmenntanefnd og laganefnd VR í stjórnartíð minni. Einnig sit ég í umhverfisnefnd ASÍ og er varamaður í miðstjórn ASÍ.

HELSTU ÁHERSLUR

Mér finnst ótrúlega gaman að fá að taka þátt í starfi VR. Áhuginn vex með árunum og þess vegna langar mig að fá tækifæri til að starfa áfram fyrir félagsmenn. Ég er sérstaklega stolt af jafnréttisstaðlinum og fá að vera með í að koma honum á laggirnar. Jafnréttismál eru ofarlega á lista yfir þau mál sem mér finnst skipta miklu máli og vil ég halda áfram að vinna að því að ná fram jafnrétti á vinnumarkaði. Bæði þegar kemur að launum og tækifærum til starfa. Umhverfismál eru mér mikilvæg og við þurfum að koma þeim inn í fyrirtæki landsins. Það þarf að verða algjör vitundarvakning á vinnumarkaðnum þegar kemur að umhverfismálum. Við þurfum að taka okkur taki á öllum sviðum, flokka rusl, vita hvaða efni erum við að nota, hvernig við göngum um o.s.frv. Þetta skiptir sköpum upp á framtíð okkar allra. Það væri gaman að sjá okkur vaxa í þessum málum á næstu árum og vonandi ná góðum árangri saman.



Ólafur Reimar Gunnarsson

Fæðingardagur og ár

27. september 1954

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

reimar@isl.is

olafur.gunnarsson@is.ey.com

Facebook

Ólafur Reimar Gunnarsson



Rannveig Sigurðardóttir

Fæðingardagur og ár

28. júní 1953

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

rannveigsig@internet.is

Facebook

Rannveig Sigurðardóttir

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Stúdent frá Verzlunarskóla Íslands 1976. Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands (Cand Oecon) árið 1981. Hef starfað hjá EY (Ernst & Young ehf.) sem sérfræðingur á endurskoðunarsviði frá árinu 2002 að tveim árum undanskildum en árin 2008 og 2009 starfaði ég hjá stoðtækjaframleiðandanum Össuri. Þar áður starfaði ég hjá PWC ehf. í nokkur ár.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Félagi í VR síðan árið 1980. Í trúnaðarráði VR í nokkur ár og fyrsti varamaður í stjórn VR undanfarin þrjú ár og setið í nefndum á vegum félagsins. Ég hef verið fulltrúi á ASÍ þingum og á þingi LÍV. Kjörinn í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna kjörtímabilið 2016 til 2019 og er varaformaður stjórnar sjóðsins. Sat í stjórn Félags viðskipta- og hagfræðinga 2015–2016. Hef verið virkur þátttakandi í starfi UMF Stjórnunar. Er félagi í Rauða krossi Íslands og hef verið sjálfbóðaliði í mörg ár. Var í stjórn Fjölsmiðjunnar og er í dag tengiliður stjórnar og starfsmanna Fjölsmiðjunnar. Er félagi í Rótarýklúbbnum Görðum.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef undanfarin þrjú ár átt sæti sem 1. varamaður í stjórn VR og setið sem aðalmaður í starfsmenntanefnd og varamaður í framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs. Ég er aðalmaður í laganeftir og einnig í húsnæðisnefnd. Áfram þarf að vinna að eflingu starfsmenntunar og koma á raunfærnimati. Það þarf að stuðla að því að ungu fólki verði gert kleift að koma sér upp öruggu húsnæði. Staðan í þeim málum í dag er algerlega óásættanleg en stendur vonandi til bóta meðal annars með stofnun Almenna íbúðafélagsins Bjargs. Ég vil vinna að því að þeir sem eru að nalgast starfslok hafi val um hvenær þeir vilja fara af vinnumarkaði þ.e sveigjanleg starfslok. Allir eiga að hafa sama rétt á sömu launum fyrir sömu vinnu.

Kæri VR félagi, ég hef síðustu þrjú ár óskað eftir stuðningi þínum til setu í stjórn VR. Síðustu þrjú ár hef ég setið í stjórn sem 1. varamaður og sem slíkur hef ég setið alla stjórnafundi. Ég hef lært margt á þessum þremur árum og bið fram krafta mína til að gera VR að enn öflugra félagi og hef því ákveðið að leita eftir stuðningi þínum aftur og stefni nú að því að ná inn sem aðalmaður, með þínu atkvæði gæti það tekist.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Vinn hjá Atlas lögmonnum ehf., sem aðstoðarmaður lögmannna, við almenn störf og slysamál. Hef unnið m.a. í tryggingafélagi við slysa-tryggingar, hjá endurskoðendum, við bókhald. Ég er gagnfræðingur en með nám úr skóla lífsins.

FÉLAGSSTÖRF

Sat í stjórn VR árin 1997–2009. Síðan aftur frá 2013. Ég var formaður framkvæmdastjórnar Fræðslusjóðs VR. Sat í stjórn Sjúkrasjóðs VR og síðustu ár sem formaður framkvæmdastjórnar. Hef setið í laganeftir. Ég sat í nefnd um stefnumótun fyrir VR. Ég sit í stjórn Öldungaráðs VR. Ég hef setið í trúnaðarráði og var trúnaðarmaður á vinnustað. Ég sat í stjórn Vinnueftirlits ríkisins og nú sem varamaður þar, miðstjórn ASÍ og kom að endurskoðun slysatrygginga launamanna í kjarasamningum. Ég var í JC hreyfingunni í 10 ár og tók þátt í námskeiðahaldi, ræðumennsku, ritstörfum, nefndar- og stjórnarstarfi innan hreyfingarinnar. Var landsritari hreyfingarinnar og hef undanfarin ár unnið að gagnöflun og skráningu á gögnum hreyfingarinnar í yfir 50 ár. Var í leikfélagi.

HELSTU ÁHERSLUR

SLYSAKAFLI KJARASAMNINGANNA – BROT Á JAFNRÆÐISREGLUNNI

Vinnuslys eru mín sérgrein, á þeim vettvangi hef ég unnið í áratugi. Ef þú slasast og ert eldri en 50 ára þá skerðast greiðslur bóttanna um 2% fyrir hvert aldursár eftir fimmtugt. Þetta er mismunun og brot á jafnræðisreglu Stjórnarskrár Íslands. Þessu vil ég breyta.

SJÚKRASJÓÐURINN – GEÐRASKANIR

Mín helsta barátta verður forvarnarstarf vegna geðraskana.

SVEIGJANLEG STARFSLOK

Ég vil stuðla að mannréttindum, að við getum sjálf ákveðið hvenær við viljum hætta að vinna.

ÖLDUNGARÁÐ VR

Ég sit í Öldungaráði VR, en hlutverk þess er að vera ráðgefandi fyrir stjórn VR í málefnum elstu félaga okkar. Ég vil berjast fyrir réttlátum lífeyri, segi burt með skerðingar. Ég vil virkja saman yngstu og elstu félagsmennina, unga fólkið gæti t.d. kennt þeim elstu á tækni nútímans og elstu félagar-nir geta frætt þá yngstu um réttindamál.



Unnur María Pálmadóttir

Fæðingardagur og ár

23. nóvember 1981

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

unnurpalma@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef starfað hjá fjölmiðlafyrirtækinu 365 miðlum frá árinu 2005. Fyrst hjá Fréttablaðinu og seinna sama ár fór ég yfir á útvarpsstöðina Bylgjuna, en þar starfa ég sem markaðsfulltrúi. Ég stundaði nám við Borgarholtsskóla. Ég hef lokið námi á upplýsinga- og fjölmiðlabraut hjá Tækniskólanum og einnig Háskólagátt hjá Háskólanum á Bifröst. Hef sótt töluvert af námskeiðum, m.a. tvenn námskeið hjá Dale Carnegie, námskeið í sölutækni hjá Háskóla Reykjavíkur, auk námskeiða í ljósmyndun og myndvinnslu. Hef einnig sótt fjölda fyrirlestra hjá íslenskum og erlendum fyrirlesurum tengdum störfum mínum og markaðsmálum almennt.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið félagsmaður VR frá árinu 1996. Ég hef mikinn áhuga á félagsmálum og hef frá árinu 2014 gegnt starfi trúnaðarmanns hjá 365 miðlum, einnig sit ég í þarfagreiningarnefnd 365 miðla og vinn því náði með samstarfsfólki og stjórnendum. Ég var kjörin í trúnaðarráð VR 2016. Var þingfulltrúi á þingi Landsambands íslenskra vaxlaráðgjafanna á Akureyri 2015.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég býð mig fram til stjórnar VR því ég tel mig geta lagt mitt af mörkum fyrir félagsmenn. Ég vil að við hlúum að ungum og öflugum félagsmönnum VR og fjölskyldufólki, m.a. með bættum kjörum og styttri vinnuviku án lækkunar á launum. Þannig vinnum við að auknum sveigjanleika fyrir t.d. barnafólk. Ég vil fjölskylduvænt samfélag og jafnrétti, það eru málefni sem standa mér nærri. Ég vil aukna menntunarmöguleika og stuðla að því að aukin starfsmenntun þeirra sem vilja bæta sig í starfi endurspegli sig í hærri launum fyrir félagsmenn. Við þurfum að halda áfram að jafna laun kynjanna, allir eiga rétt á sömu launum fyrir sömu vinnu. Ég hef mikinn áhuga á að starfa í þágu félagsmanna og óska því eftir þínum stuðningi.

LISTI STJÓRNAR OG TRÚNAÐARRÁÐS 2017–2019

Samkvæmt lögum VR gerir uppstillinganefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðarráð. Í lögum VR um kosningu formanns, stjórnar og trúnaðarráði segir: „Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn. Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum. Uppstillinganefnd, skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði, skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.“

Framboðsfrestur til að skila inn framboðslistum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2017–2019 rann út á hádegi þann 9. febrúar 2016. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR. Trúnaðarráðsfundur VR, haldinn mánudaginn 23. janúar sl., samþykkti listann einróma.

Þar sem ekki bárust fleiri framboðslistar telst þessi listi réttkjörinn í trúnaðarráð VR. Listinn er birtur í heild sinni hér að neðan:

NAFN

Anna Þórðardóttir Bachmann
Árni Leósson
Áslaug Alexandersdóttir
Birgitta Ragnarsdóttir
Björgvin Ingason
Björn Axel Jónsson
Brynjar Smári Hermannsson
Dagný Ágústsdóttir
Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir
Guðmundur J. Jónsson
Guðrún Björg Gunnarsdóttir
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir
Halldóra M. Steinarsdóttir
Helga Björk Pálsdóttir
Hjördís Jónsdóttir
Ingimar Þorsteinsson
Íris Arna Geirsdóttir
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Jón Guðmundur Björgvinsson
Jón Hrafn Guðjónsson
Kjartan Mátsson
Kristinn Örn Jóhannsson
Nína Kristbjörg Hjaltadóttir
Óskar Guðmundsson
Páll Örn Líndal
Ragnar Orri Benediktsson
Selma Kristjánsdóttir
Sesselja Jónsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigurbjörg Þorlákssdóttir
Soffía Óladóttir
Stefán Árni Stefánsson
Stefán Viðar Egilsson
Steinar Viktorsson
Steinunn Böðvarsdóttir
Steinþór Ásgeirsson
Sveinbjörn F. Pétursson
Valva Árnadóttir
Þorsteinn Þórólfsson
Þóra Kristín Halldórsdóttir
Þróstur Ríkarðsson

VINNUSTAÐUR

Hreint ehf.
VR
Byko ehf.
Hood ehf.
Teitur Jónasson ehf.
Hagkaup
Nordic Visitor hf.
Nordic Visitor hf.
Hagkaup
Borgun hf.
Actavis Group PTC ehf.
Icepharma hf.
Byko ehf.
Slysavarnafélagið Landsbjörg
Samband íslenskra námsmanna erl.
Marel Iceland ehf.
Reykjafell hf.
Bændasamtök Íslands
Nýherji hf.
Flúgger ehf.
Ísaga ehf.
Guðmundur Jónasson ehf.
Íslensk erfðagreining ehf.
Samskip hf.
N1 hf.
Ríkisútvarpið ohf.
VR
Forlagið ehf.
Miklartorg hf.
Bókhald og þjónusta ehf.
Egilsson ehf.
Advania ehf.
Byko ehf.
Byko ehf.
VR
Kortapjónustan hf.
Ormsson ehf.
Penninn ehf.
Húsasmiðjan ehf.
DHL Express Iceland ehf.
Ásbjörn Ólafsson ehf.

HVÍTA HÚSIÐ OG CCP MEÐ JAFNLAUNAVOTTUN VR

Tölvuleikjaframleiðandinn CCP og auglýsingastofan Hvíta húsið hafa hlotið Jafnlaunavottun VR sem nær nú til hátt í sex þúsund starfsmanna á vinnumarkaði og 29 fyrirtækja.

Formaður VR segir ánægjulegt að ný ríkisstjórn setji jafnréttismálin í forgang og fagnar því að í farvatninu sé frumvarp um lögfestingu jafnlaunavottunar.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, segir það hafa verið afar ánægjulegt að afhenda CCP og Hvíta húsinu Jafnlaunavottun félagsins. „Jafnlaunavottunin felur í sér viðurkenningu á stefnu fyrirtækjanna í jafnréttismálum. Vottun er markviss leið fyrir atvinnurekendur til að uppfylla kröfur jafnlaunastaðals Staðlaráðs Íslands og er auk þess tæki fyrir fyrirtæki og stofnanir til að meta stöðu kynjanna innan eigin veggja með viðurkenndri aðferðafræði og samræmdum viðmiðum.“

JAFNLAUNAVOTTUN VERÐI SJÁLFSÖGÐ Í REKSTRINUM

Ólafía fagnar jafnréttisáherslum nýrrar ríkisstjórnar sem nú hafi á að skipa ráðherra félags- og jafnréttismála. „Ég fagna því að í farvatninu sé frumvarp um lögbindingu jafnlaunavottunar og bind miklar vonir við það. VR hefur lengi barist fyrir launajafnrétti á vinnumarkaði, m.a. með Jafnlaunavottun VR, og það er afar mikilvægt að stjórnvöld leggi sitt af mörkum til þeirrar baráttu á jafn afgerandi hátt og hér er gert.“

Hátt í sex þúsund starfsmenn á vinnumarkaði starfa hjá fyrirtækjum sem hafa fengið Jafnlaunavottun VR. Það hefur hins vegar ætíð verið stefna VR að láta verkefnið af hendi um leið og komið væri á opinbert ferli við vottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum. Það hefur nú verið gert og hefur VR því hætt að bjóða Jafnlaunavottun VR. Þau fyrirtæki sem gert hafa þriggja ára samning um Jafnlaunavottun VR klára þann samning. Það er von VR að sú leið sem ný ríkisstjórn hefur markað í jafnréttismálum skili því að jafnlaunavottun verði sjálfsögð í rekstri sem flestra fyrirtækja.

UM JAFNLAUNAVOTTUN VR

Jafnlaunavottun VR er stjórnþæki fyrir atvinnurekendur til að meta launajafnrétti innan fyrirtækja. Hún byggir á jafnlaunastaðli Staðlaráðs Íslands sem gefinn var út árið 2012 og staðfestir að viðkomandi fyrirtæki hafi tileinkað sér viðurkennda aðferðafræði og viðmið til að tryggja launajafnrétti kynjanna. Vottunarferlið felst í ítarlegri úttekt á launum starfsfólks, starfaflokkun og öðrum þáttum sem hafa áhrif á kjör og staðfestir jafnrétti



Ólafía B. Rafnsdóttir formaður VR, Ása M. Ólafsdóttir mannauðsstjóri, Sophie Froment framkvæmdastjóri mannauðsmála hjá CCP og Unnur Guðríður Indriðadóttir, fagstjóri hjá VR.



Berglind Bragadóttir launafulltrúi hjá Hvíta húsinu, Ólafía B. Rafnsdóttir formaður VR, Gísli S. Brynjólfsson einn af framkvæmdastjórum Hvíta hússins og Bryndís Guðnadóttir sérfræðingur á kjaramálasviði VR.

til launa innan fyrirtækisins, þ.e. að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

VR óskar öllum þeim fjölmörgu starfsmönnum sem starfa undir Jafnlaunavottun VR til hamingju. [VR](#)

JAFNLAUNAVOTTUN VR

Alls starfa tæplega sex þúsund starfsmenn á vinnumarkaði hjá fyrirtækjum sem hafa fengið Jafnlaunavottun VR. Fyrirtækin eru í mörgum mismunandi atvinnugreinum, eins og sjá má á listanum hér að neðan.

1912	Íslenska gámafélagið	Pipar
Arion Banki	KPMG	Rönning
Byggðastofnun	Kynnisferðir	Securitas
CCP	Landmælingar	Sjóvá
Deloitte	Íslands	Sorpa
Endurvinnslan	Lífeyrissjóður	Tryggingamiðstöðin
Ernst & Young	Verzlunarmanna	VR
Hvíta húsið	Lyfja	Tryggingafélagið
Hýsing vöruhótel	N1	Vörður
IKEA	Neyðarlínan	Ölgerðin
ISS	Parlogis	



FJÖLGUN FJÖLBREYTTTRA ORLOFSKOSTA VR

VR hefur í hyggju að fjölga orlofshúsum sínum um allt að 20 á komandi árum. Stjórn VR samþykkti tillögu orlofsstjórnar um að veita 500 milljónum í uppbyggingu og kaup á nýjum húsum og hefur félagið hafist strax handa við verkefnið. VR blaðið ræddi við Emil Gústafsson, umsjónarmann orlofseigna VR, um nýjar áherslur félagsins í orlofsmálum.

HVER ERU HELSTU VERKEFNI ÞÍN SEM UMSJÓNARMAÐUR ORLOFSEIGNA?

Ég sé um allt er kemur að rekstri og viðhaldi orlofshúsa VR. Ég fæ verktaka til að sinna stærri viðhaldsverkefnum en sé um innkaup á öllum rekstrarvörum, húsgögnum, húsum og fleira. Þá sé ég einnig um að finna hús til leigu og semja um leigu.

HVAR Á LANDINU STENDUR TIL AÐ FJÖLGA ORLOFSHÚSUM?

Stefnt er að því að fjölga orlofseignum vítt og breitt um landið. Nýlega keypti félagið þrjár íbúðir í miðbæ Akureyrar við Skipagötu 5. Þær eru nýlega uppgerðar og eru 76 m², 86 m² og 88 m². Þá er einnig ætlunin að kaupa tvö orlofshús í Hálöndum við Hlíðarfjall sem hvort um sig er 106 m². Þá stendur til að festa kaup á þremur orlofshúsum í Húsafelli og tveimur í Grímsnesi. Húsin í Húsafelli eru rúmír 55 m², en húsin í Grímsnesi um 70 m².

24 HÚS BÆTAST VIÐ FRAMBOÐIÐ Í SUMAR

Að auki hefur VR tekið 24 hús til leigu fyrir sumarið. Fimm á Einarstöðum við Egilsstaði og sjö á Norðurlandi, þ.e. í Hrísey, við Þverá í Ólafsfirði, á Siglufirði, Skálá í Skagafirði, Hofsósi og tvær íbúðir á Hólum í Hjaltadal. Þá verða tvö hús leigð á Vestfjörðum, annað er á Alviðru í Dýrafirði og hitt í Súðavík. Á Vesturlandi verður VR að öllum líkindum með sex hús til leigu, þrjú á Hellnum, eitt á Mýrum í Borgarfirði og stórt hús í Höfn. Einnig verða leigð þrjú hús við Borgarnes og tvö á Suðurlandi, í Hraunborgum og í Vestmannaeyjum. Enn verði að vinna í því að fá fleiri leiguhús fyrir sumarið en við stefnum á að vera með um 30 hús.

ÚTHLUTUN ORLOFSHÚSA

Í byrjun janúar hóf VR úthlutun fyrir sumarið sem gekk vonum fram. Fyrir tveimur árum var úthlutunarreglum breytt til að mæta vaxandi eftirspurn og gæta sanngirni við úthlutunina. Þannig hafa þeir forgang sem ekki hafa leigt orlofshús hjá VR síðastliðin þrjú sumur og gefst þeim tækifæri til að bóka hús degi fyrr en aðrir sem hafa nýtt sér orlofshús síðastliðin sumur.

NÝTT HÚS Í MIÐHÚSASKÓGI


Nýlega lauk VR við uppbyggingu á stóru orlofshúsi í orlofsbyggðinni í Miðhúsum sem mætir þörfum hreyfihamlaðra samkvæmt algildri hönnun. Húsið er um 118 m², svefnherbergin eru fjögur með svefnpláss fyrir allt að 10 manns. Í húsinu eru tvö baðherbergi og útisturta við heita pottinn. Húsið hentar vel fyrir stórar fjölskyldur, með góðu aðgengi fyrir alla.

VR ætlar að standa fyrir nafnasamkeppni fyrir nýja húsið en í verðlaun verður helgi í því. Ég auglýsi hér með eftir nafni á nýja húsið og bendi á nánari upplýsingar sem má finna á vef VR.

TJALDSVÆÐI Í MIÐHÚSASKÓGI

Auk 26 orlofshúsa í Miðhúsaskógi býður VR upp á tjaldsvæði steinsnar frá orlofshúsabyggðinni. Tjaldsvæðið var tekið í notkun árið 2009 og er allt hið glæsilegasta. Þar er aðgengi að rafmagni við hvert stæði, stórt þjónustuhús með grillastöðu, sturtum, salernum og þvottavél til afnota fyrir tjaldgesti. Leikaðstaða er í hjarta tjaldsvæðisins en einnig er stutt í sérstakt leiksvæði í tengslum við orlofshúsabyggðina. [VR](#)





JÓLALEIKUR VR

VR stóð fyrir skemmtilegum leik í aðdraganda jólanna þar sem fólki var gefinn kostur á að senda inn myndir tengdar jólaminningum á Facebooksíðu félagsins. Leikurinn vakti mikla lukku og voru innsendar myndir um áttatíu talsins. Vinningsmyndina átti Halla Kjartansdóttir en myndin er af henni sjálfri þriggja ára gamalli og upphaldsjólaskrautinu hennar. Verðlaunin voru að afhenda UNICEF eina milljón króna í eigin nafni en VR greiddi verðlaunaféð.

Halla Kjartansdóttir er skrifstofustjóri hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og hefur verið félagsmaður VR í 29 ár eða frá árinu 1988.

„Ég er fædd og uppalin á Stöðvarfirði en þurfti að dvelja á Landspítalanum í hálfu ári þegar ég var 1½ árs gömul, fjarri foreldrum og fjölskyldu og naut hvorki samvista við þau á afmælinu mínu né jólum það árið. Það er langt á milli Stöðvarfjarðar og Reykjavíkur og samgöngurnar ekki upp á marga fiska árið 1969. Foreldrar mínir voru með tvö önnur lítil börn heima og ekki var gert ráð fyrir foreldrum barna á spítöllum landsins á þessum tíma. Aðskilnaðurinn var okkur öllum erfiður og það var því mikil gleði þegar ég fékk loks að fara heim. Eftir þessar hremmingar fannst foreldrum mínum notalegt að dekra aðeins við mig næstu jól á eftir. Ég fékk því að velja mér leikfang á jólamarkaði Kaupfélagsins á Stöðvarfirði og varð lítið gervijóla-tré með ljósaseríu fyrir valinu, foreldrum mínum til undrunar því nóg var af spennandi leikföngum að velja úr.

Þetta tré hefur fylgt mér allar götur síðan og er núna orðið 46 ára gamalt. Það er geymt á milli jóla í upprunalega kassanum og upprunalega ljósaserían frá Osram prýðir enn þetta dýrmæta tré. Ótrúlegt en satt, þá kviknar enn á seríunni þrátt fyrir að þrjár perur séu nú ónýtar og lýsir litla tréð okkur fjölskyldunni inn í jólahátíðina á hverjum aðfangadegi.

Myndina tók faðir minn, Kjartan Guðjónsson, af mér og trénu stuttu eftir að það var keypt. Hún sýnir vel hvað ég var glöð með þessa gjöf og enn í dag er þetta mitt allra dýrmætasta jólaskraut. Tréð er órjúfanlegur hluti af ánægjulegri barnæsku minni og yndislegum jólahátíðum í fortíð og nútíð.“

HVERNIG FANNST ÞÉR AÐ VINNA Í JÓLALEIKNUM?

„Ég tek nánast aldrei þátt í leikjum sem þessum en um leið og ég las um jóla-leik VR og að leitað væri eftir sögum af upphalds jólaskrautinu þá rúllaði eitthvað af stað. Vinningurinn, peningagjöf VR til UNICEF, hafði þó mestu áhrifin á ákvörðun um þátttöku í leiknum. Mér fannst það góð tilhugsun að taka þátt í leik þar sem vinningurinn gengi til góðgerða. Þegar maður sjálfur hefur verið svo heppin að upplifa góða og örugga barnæsku og getað veitt sínum eigin börnum gott atlæti þá hreyfir það við manni, ekki síst í aðdraganda jóla, að ekki er eins ástatt um öll börn heimsins.

Mér fannst mikill heiður og líka skemmtilegt að fá að afhenda UNICEF þessa veglegu gjöf VR í mínu nafni og vera þannig þátttakandi í því að koma góðu til leiðar. Það er ekki á hverjum degi sem maður hefur tækifæri til að gefa upphæð sem þessa til góðgerðamála. Þetta var frábær byrjun á nýju ári.“ [VR](#)

SIGRÍÐUR VÍÐIS JÓNSDÓTTIR, KYNNINGARSTJÓRI UNICEF Á ÍSLANDI

„Við hjá UNICEF á Íslandi vorum afar ánægð með jóla-leik VR. Framtakið var fallett, jólalegt og einstaklega skemmtilegt. Upphæðin sem Halla Kjartansdóttir afhenti okkur síðan kom að ótrúlega góðum notum. Þetta var engin smá upphæð – ein milljón króna – og hún fór í að hjálpa börnum sem þjást vegna stríðsins í Sýrlandi.

Neyðaraðgerðir okkar í Sýrlandi og nágrannaríkjunum eru þær umfangsmestu sem við hjá UNICEF, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna, höfum nokkru sinni staðið fyrir. Enda er neyðin gríðarleg og helmingur þeirra sem þjást eru börn. Allar aðstæður á vettvangi eru mjög erfiðar en UNICEF hefur þegar náð að hjálpa milljónum og aftur milljónum barna. Það er yndislegt að fá hjálp frá Íslandi við þessar óskaplega mikilvægu aðgerðir.“

Starfsmenntastyrkur fyrir 2017 hefur verið uppfærður

Það sem af er ári hafa


1.226

félagsmenn VR

sótt um

í starfsmenntasjóðum VR

Nýtir þú þér þinn styrk á árinu?



Nánari upplýsingar er að finna á www.vir.is

Virðing
Réttlæti

VR

UNGA FÓLKID OG ÍBÚÐAKAUPIN

Staða ungs fólks hefur verið nokkuð í umræðunni seinustu misseri, ekki síst vegna þess hve þröng staða þess er á húsnæðismarkaði. Laun ungs fólks hafa hækkað minna en laun annarra og ungt fólk er líklegra til að vera á leigumarkaði en eldra fólk. Staðan á leigumarkaði er vægast sagt slæm og algengt að leiga sé u.þ.b. 60% af útborguðum launum einstaklings með miðgildislaun¹. Það gerir ungu fólki nær ómögulegt að safna fyrir útborgun til fyrstu kaupa.

Sökum þess hve fasteignaverð hefur hækkað mikið undanfarið verður ekki aðeins erfðara fyrir ungt fólk að eiga fyrir útborgun heldur mun greiðslubyrði einnig þyngjast eftir því sem líður á tímann. Mynd 1 sýnir greiðslubyrði 40 ára láns, sem hlutfall af útborguðum launum, fyrir meðalstærð fasteignar í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu². Eftir að fasteign er keypt mun greiðslubyrði breytast lítið og í raun ekkert í 3–5 ár ef tekið er óverðtryggt lán með föstum vöxtum.

MYND 1 HLUTFALL GREIÐSLU LÁNS AF ÚTBORGUÐUM LAUNUM 25–34 ÁRA



Myndin sýnir því í raun greiðslubyrði þeirra sem taka lán á hverju tímabili fyrir sig. Hún sýnir að ungt fólk sem keypti sína fyrstu fasteign árið 2012, og tók til þess verðtryggt lán til 40 ára, hafi greitt um 20% af útborguðum tekjum sínum í greiðslu af láninu. Í dag myndi þetta unga fólk að jafnaði greiða 25% af tekjum heimilisins í greiðslu sambærilegs fasteignaláns. Sé hins vegar tekið óverðtryggt fasteignalán hefur staðan gjörbreytt seinustu 6–7 árin. Fljótlega eftir hrun hafi greiðslubyrði óverðtrygðs fasteignaláns fyrir ofangreint heimili verið um 25% en er í dag ríflega 35%.

SKULDIR OG EIGNIR UNGS FÓLKS LÁGAR

Sökum þess hve erfitt er að eignast fyrstu fasteign í dag eru eignir og skuldir ungs fólks sögulega lágar. Mynd 2 sýnir meðaltal eigna og skulda fyrir tvo aldurshópa frá 1997. Búnar eru til vísitölur fyrir aldurshópana tvo og byrja þær í 100 árið 1997. Fyrir aldurshópinn 25–29 ára var meðaleign




VIÐAR INGASON
HAGFRÆÐINGUR VR

¹Miðgildislaun má útskýra þannig að 50% einstaklinga hafa laun hærrí en miðgildislaun og 50% hafa laun sem eru lægri en miðgildislaun.

²Miðað er við heimili með 1,6 föld miðgildislaun. Útgjaldarannsókn Hagstofunnar sýnir að á meðalheimili er 1,6 fullorðinn einstaklingur.

árið 2015 lægri en árið 1997. Meðalskuldir voru einnig lægri árið 2015 samanborið við 1997.

MYND 2 SKULDIR OG EIGNIR FÓLKS Á ALDRINUM 25–34 ÁRA




Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar VR

LÍTIÐ FRAMBOÐ ÓDÝRRA EIGNA

Laun ungs fólks hafa hækkað minna en annarra aldurshópa á síðustu árum. En það er ekki eini vandinn sem unga fólkið stendur frammi fyrir. Vandamálið felst einnig í því að lítið framboð er af ódýrum eignum fyrir einstaklinga sem eru að kaupa í fyrsta sinn. Mynd 3 sýnir fjölda íbúða til sölu í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu sem kosta undir 30 milljónum króna. Seinustu tvo mánuði hefur dregið nokkuð úr framboði. Í lok janúar 2017 voru að jafnaði 60 eignir til sölu. Meðalverð þessara 60 fasteigna er tæpar 26 milljónir og meðalstærð 55 fermetrar.

MYND 3 AUGLÝSTAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU UNDIR 30 MILLJ. KR.



Heimild: MBL fasteignir og útreikningar VR

Sé markmiðið að finna eign í stærðarflokknum 80–100 fermetrar fjölgar hins vegar þeim íbúðum sem eru í boði. Um 130 íbúðir í fjölbýli af þeirri stærð voru auglýstar til sölu á höfuðborgarsvæðinu í lok janúar. En meðalverð var þá komið í um 45 milljónir króna fyrir 3ja–4ra herbergja íbúð en flestar eignir voru á bilinu 35–50 milljónir króna. Í ljósi þess hve lítið er byggt af ódýrum íbúðum í dag er ólíklegt að ástandið muni batna á næstu misserum.



AFTUR Á VINNUMARKAÐ EFTIR STARFSENDURHÆFINGU

Virk Starfsendurhæfingarsjóður hefur hrundið af stað tveggja ára þróunarverkefni sem ætlað er að auðvelda einstaklingum í endurhæfingu að komast aftur út á vinnumarkaðinn. VR blaðið ræddi um verkefnið við Þorstein Sveinsson ráðgjafa hjá Virk.

HVERT ER MARKMIÐIÐ MED VERKEFNINU?

„Markmiðið er að aðstoða einstaklinga, sem eru í starfsendurhæfingu hjá VIRK, að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Tilgangur þróunarverkefnisins er að veita stjórnendum og starfsmönnum stuðning og fræðslu við að móta og innleiða ákveðna verkferla sem auðvelda starfsmönnum endurkomu til vinnu eftir langtíma veikindi eða slys. Það á bæði við um þá sem eru að snúa aftur á fyrri vinnustað eða á nýjan starfsvettvang. Verkferlar taka mið af þörfum hvernar starfsemi fyrir sig en um er að ræða alhliða nálgun sem aðstoðar bæði vinnustaðinn og einstaklinginn að aðlaga sig.“

HVERNIG ER EINSTAKLINGUM Í STARFSENDURHÆFINGU BOÐIÐ AÐ VERA MED?

„Ráðgjafar, einstaklingar í starfsendurhæfingu og þeir sem koma að starfsendurhæfingarferlinu, leggja mat á hvort tímabært sé að hefja þátttöku í verkefninu. Einstaklingur fyllir út eyðublað um starfsferil og er með ferilskrá tilbúna. Hann hittir svo atvinnuráðgjafa sem leitar markvisst að

tækifærum á vinnumarkaði sem falla bæði að þekkingu og reynslu hans og fyrirtækisins. Virkníáætlun er unnin með einstaklingi og í samvinnu við fyrirtæki og ráðgjafa í starfsendurhæfingu. Fyrstu 4–6 vikur í starfi hjá vinnuveitanda telst vinnuframlag einstaklings hluti af þessu starfsendurhæfingarúrræði á vegum VIRK sem er hluti af einstaklingsmiðaðri starfsendurhæfingaráætlun. Á þeim tíma skal markvisst unnið samkvæmt þeirri áætlun og í samræmi við ákvæði samstarfssamningsins um aðlögun einstaklingsins að vinnuumhverfi. Gangi starfsendurhæfing og aðlögun vel inn í starf þá gengur einstaklingur inn í starfið sem almennur launamaður.“

MIKILVÆGI VINNUNNAR Í STARFSENDURHÆFINGU?

„Það er mikilvægt að einstaklingar, sem eru í starfsendurhæfingu og eru að ljúka henni, eigi greiða leið aftur í vinnu. Hér getur sveigjanleiki og stuðningur í vinnu skipt öllu máli. Rannsóknir sýna að því fyrr sem einstaklingar reyna endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys, því líklegra er að þeir fari í vinnu og byggi upp farsælan feril.“


HVER ER ÁVINNINGUR FYRIRTÆKJA AF VERKEFNINU?

„Ávinningur fyrir fyrirtæki er öflugur mannauður sem kemur úr atvinnutengdri starfsendurhæfingu og hefur góða innsýn í styrkleika sína og getu. Almennur ávinningur af verkefninu felst í því að auka þekkingu og breyta viðhorfum stjórnenda og starfsmanna á þeim þáttum í vinnuumhverfinu sem stuðla að velferð og auðvelda endurkomu starfsmanna til vinnu eftir langtíma veikindi eða slys. Sömuleiðis felst ávinningur í því að skapa rými á vinnustað fyrir einstaklinga með mismunandi starfsgetu. Fjölbreytni stuðlar að jákvæðu orðspori og bættri ímynd fyrir fyrirtæki.“

HVERNIG LÍST FYRIRTÆKJUM ALMENNT Á VERKEFNIÐ?

„Móttökurnar hafa verið góðar, atvinnurekendur og þeir sem hafa mannaforráð í fyrirtækjum eru almennt jákvæðir fyrir þessu verkefni. Um er að ræða þróunarverkefni til tveggja ára og hefst það með samstarfsfyrirlýsingu milli fyrirtækis og VIRK um innleiðingu á verkferlum er tengjast endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys. Það hefur skapast töluvert af fjölbreyttum starfstækifærum hjá okkur, en það er stutt síðan að kynning á verkefninu var send á nokkur fyrirtæki. Atvinnuráðgjafar eru núna að fylgja því eftir og kynna verkefnið nánar fyrir fyrirtækjum.“

„Þjónusta VIRK er fyrir einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna veikinda eða slys og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði,“ segir Þorsteinn. „Vonandi verður verkefnið til þess að einstaklingur auki smátt og smátt við vinnuþáttinn en minnki á sama tíma stuðning í starfsendurhæfingarferlinu.“

Með því að opna umræðuna um að það geti ekki allir sinnt 100% starfi aukum við umburðarlyndi á vinnumarkaði og samkenndin verður að sama skapi meiri. Allir vita að vinna er góð bæði fyrir andlega og líkamlega heilsu. Það er því ávinningur einstaklingsins, vinnuveitanda og þjóðfélagsins í heild að einstaklingum með skerta vinnugetu sé gefið tækifæri til að komast í vinnu við hæfi.“ 

VR Á EGILSSTÖÐUM


VR blaðið gerði sér ferð austur á Egilsstaði og heimsótti skrifstofu VR að Kaupvangi 3b, ræddi við félagsmenn á svæðinu og tók tali trúnaðarmann VR í Nettó Egilsstöðum.



Á árunum 2004–2007 sameinuðust VR fjórum stéttarfélög verslunarmanna og í kjölfar þess hófust umræður í Verslunarmannafélagi Austurlands (VA) um mögulega sameiningu við VR eða AFL Starfsgreinafélag á Austurlandi.

Þann 15. maí 2008 var undirritaður samningur um sameiningu sem tæki að fullu gildi 15. september 2008 með þeim fyrirvara að hann hlyti félagslega afgreiðslu meðal félagsmanna. Má segja að slegnar hafi verið tvær flugur í einu höggi þegar félagsmenn greiddu í kjölfarið lægra félagsgjald en fengu um leið aðgang að mun öflugra félagi sem í krafti stærðar sinnar bauð m.a. gríðarlega sterkan sjúkrasjóð og hélt samt áfram og eflði starfið á félagssvæðinu. Á aðalfundi félagsins 25. maí 2008 var samþykkt einróma sú tillaga stjórnar að sameinast VR og stofna sérstaka deild VR á Austurlandi með þeim 400 félagsmönnum sem áður tilheyrðu VA.

Af hálfu VR var svo sameiningin staðfest á aðalfundi VR árið 2009 og þá var lögum VR breytt á þá lund að við félagssvæði VR bættist hið stóra landsvæði á Austurlandi. Óhætt er að segja að þessi sameining hafi tekist mjög vel og í kjölfarið flutti skrifstofan í nýtt og stærra húsnæði á Egilsstöðum og var starfsmönnum fjölgað.

Eins og hjá öðrum félögum sem höfðu sameinast VR var drifkraftur þessara hugmynda sú hagræðing og slagkraftur sem fæst með svo stóru sameinuðu aflu. Spurningin var hvar og hvernig hagsmunum félagsmanna væri best borgið. Það var svo niðurstaðan að gengið yrði til samningaviðræðna um sameiningu við VR. Á skrifstofu VR á Egilsstöðum starfa þrjú starfsmenn; Erla Bryndís Ingadóttir, Kristín María Björnsdóttir og Sóley Garðarsdóttir. 

NAUÐSYNLEG ÞJÓNUSTA Á AUSTURLANDI

Kristín María Björnsdóttir er formaður deildar VR á Austurlandi. Hún telur mikilvægt að félagið sé sýnilegt á landsbyggðinni og segir félagsmenn duglega að sækja sér þjónustu á skrifstofu VR. „Við erum með félagssvæði frá Bakkafirði að norðan og suður að Djúpavogi. Stærsti hluti félagsmanna á félagssvæði deildarinnar er á Egilsstöðum og í Fjarðabyggð.

HVER ERU HELSTU VERKEFNI DEILDARINNAR?

„Við erum þrjár sem vinnum á skrifstofu VR á Egilsstöðum og verkefni eru fjölbreytt og mismunandi. Við þurfum upp að vissu marki að geta gripið í verkefni flestra sviða VR og höfum verið að gera það. Erla Bryndís Ingadóttir sér um að samþykkja umsóknir í VR varasjóð og Sóley Garðarsdóttir starfar að stórum hluta í starfsmenntasjóðunum og samþykkir þar umsóknir. Svo sinna þær báðar símsvörum, leysa af, bæði í hádeginu og eins ef það eru veikindi eða annað tilfallandi. Ég er á kjaramálasviðinu, sinni bæði síma og tölvupósti og svara meðal annars öllum tölvupósti til VR sem lýtur að kjaramálum. Þá hef ég líka leyst af í Reykjavík í forföllum. Að auki sjáum við um alla almenna þjónustu við félagsmenn sem koma hingað á skrifstofuna til okkar en fólk kemur mjög mikið þó það fari auðvitað alltaf eitthvað í gegnum netið. Við tökum einnig við flestum sjúkrasjóðsumsókn-um sem berast frá félagsmönnum hérna fyrir austan. Félagsmenn koma líka til okkar þegar það eru fjarfundir og við höfum fengið að heyra að fólk finnst gaman að koma og hitta aðra félagsmenn á svæðinu enda myndast oft skemmtileg tenging.“

MIKILVÆGI DEILDARINNAR FYRIR SVÆÐIÐ?

„Hluti af starfi mínu sem formaður deildar VR á Austurlandi er að sinna félagsstarfi á svæðinu. Samkvæmt lögum deildarinnar er tilgangur hennar sá að ná fram og koma til skila afstöðu félagsmanna VR á Austurlandi á því sem snýr að kjarasamningum og aðbúnaði félagsmanna hér á svæðinu. Þessu er mikilvægt að fylgja eftir með því að halda uppi félagsstarfi en við erum til dæmis alltaf með kynningu á nýjum kjarasamningum og höldum einnig félagsfundir. Við finnum fyrir því að fólk vill taka þátt og það skiptir svo miklu máli að vera til staðar á svæðinu. Í stjórn deildarinnar sitja þrír aðalmenn og þrír til vara. Stjórnin á sæti í trúnaðarráði VR, sækir fundir þess og fer á þing LÍV og ASÍ. Þar kemur stjórn deildarinnar til skila afstöðu félagsmanna VR á Austurlandi.

Það er einnig tilgangur deildarinnar að taka þátt í starfi hagsmunasamtaka á svæðinu, ég sit t.d. í stjórn Starfsendurhæfingar Austurlands en VR er einn af stofnaðilum hennar. Við sinnum líka trúnaðarmannakerfinu og reynum að vinna að því að kjörinn sé trúnaðarmaður á vinnustöðum. Þá mæti ég



á vinnustaðinn og tala fyrir mikilvægi trúnaðarmannsins en þeir eru nú þegar nokkrir hér á svæðinu.

Svo er ég með kynningar í grunnskólum á svæðinu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og hef farið í alla skóla sem hafa óskað eftir því, sem eru langflestir. Þegar ég er á ferðinni reyni ég að heimsækja líka vinnustaði því það skiptir máli bæði fyrir félagsmenn og félagið sjálft að það sé sýnilegt á svæðinu. Að fólk viti af okkur og geti leitað til okkar. [VR](#)

VR Á AUSTURLANDI

Skrifstofa VR er til húsa að Kaupvangi 3b á Egilsstöðum

Skrifstofan er opin kl. 8.30–16.30

Formaður deildar VR á Austurlandi er Kristín María Björnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu eru Erla Bryndís Ingadóttir og Sóley Garðarsdóttir

Aðrir stjórnarmenn eru Eygló Friðriksdóttir og Gunnar Heiðberg Gestsson. Varamenn stjórnar eru Anna Karlsdóttir, Ellen Rós Baldvinsdóttir og Ingunn Kjartansdóttir



Nafn: Guðrún Sigurðardóttir
Aldur: 58 ára
Starf: Tryggingaráðgjafi hjá Sjóvá á Austurlandi

HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ VERIÐ FÉLAGSMAÐUR VR?

„Ég hef unnið í Sjóvá í 16 ár svo að ég hef í það minnsta verið félagsmaður í þann tíma.“

HEFURÐU NÝTT ÞÉR ÞJÓNUSTU VR?

„Já, ég hef notað bæði íþróttastyrkinn og gleraugnastyrkinn en aðallega hef ég notast við orlofshúsnæði, hótelið í Reykjavík. Það hefur hentað mér mjög vel og ég hef notað það mjög mikið. Það er svo rosalega þægilegt að hoppa þarna inn á Hótel Reykjavík Natura. Maður bókar náttúrulega flug með svo löngum fyrirvara yfirleitt og þá bóka ég hótelið í leiðinni en það hefur ekki enn komið fyrir að það sé ekki laust.“



Nafn: Stefán Bjarnar Guðmundsson
Aldur: 62 ára
Starf: Svæðisstjóri hjá Bílaleigu Akureyrar á Egilsstöðum

HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ VERIÐ FÉLAGSMAÐUR VR?

„Ég byrjaði á bílaleigunni 1987 en fyrstu árin vann ég sem sjálfstæður verk-taki. Ég hef verið félagsmaður VR í um 14 ár.“

HEFURÐU NÝTT ÞÉR ÞJÓNUSTU VR?

„Ég hef náttúrulega farið í sumarbústaði hjá ykkur og ég nota alltaf líkams-ræktarstyrkinn en ég fer í sund fimm sinnum í viku, syndi 1000 metra á dag áður en ég mæti til vinnu.“ „Svo var konan mín veik og ég var frá vinnu annan hvern þriðjudag í sjö ár til að keyra hana til læknis á Akureyri. Ég mætti miklum skilningi hjá mínum vinnuveitanda og VR kom mjög vel að því máli, ég var mjög ánægður hvernig að þessu var staðið þar.“



Nafn: Nína Heiðrún Óskarsdóttir

Aldur: 39 ára

Starf: Móttökustjóri á Gistihúsinu Lake Hotel Egilsstöðum

HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ VERIÐ FÉLAGSMAÐUR VR?

„Ég hef verið félagsmaður í tæp tíu ár. Áður en ég hóf störf hér á Gistihúsinu árið 2014 starfaði ég sem sölumaður hjá Vífilfelli hér á Egilsstöðum í sjö ár.“

HEFURÐU NÝTT ÞÉR ÞJÓNUSTU VR?

„Já, ég er í háskóla með vinnu og hef nýtt mér fræðslustyrkina fyrir það. Svo nota ég náttúrulega líkamsræktarstyrkinn.“



Nafn: Almar Blær Sigurjónsson

Aldur: 20 ára

Starf: Starfsmaður í flugþjónustu hjá Flugfélagi Íslands á Egilsstaðaflugvelli

HVERSU LENGI HEFUR ÞÚ VERIÐ FÉLAGSMAÐUR VR?

„Í um tvö ár en ég byrjaði hér sem sumarstarfsmaður árið 2015.“

HEFURÐU NÝTT ÞÉR ÞJÓNUSTU VR?

„Já, ég hef farið í sumarbústað hjá ykkur en á alveg eftir að prófa að sækja um styrki og svoleiðis, á örugglega eftir að nýta mér það í framtíðinni.“



TRÚNAÐARMAÐURINN INGUNN KJARTANSDÓTTIR

Nafn: Ingunn Kjartansdóttir

Aldur: 52 ára

Vinnustaður: Nettó Egilsstöðum

HVAÐ HEFURÐU UNNIÐ LENGI HJÁ ÞÍNU FYRIRTÆKI?

Ég byrjaði hjá Kaupfélagi Héraðsbúa 1. september 1985 en það var í þessu sama húsi. Hér hef ég unnið allar götur síðan ef frá eru talin einhver 6-8 ár sem ég hætti að vinna, ekki samfellt samt. Ýmsar breytingar hafa orðið á þessum tíma.

HVAÐ HEFURÐU VERIÐ LENGI TRÚNAÐARMAÐUR?

Ég var fyrst kosin árið 2012, svo það eru komin fimm ár.

HVAÐ GERIR TRÚNAÐARMAÐURINN Á VINNUSTADNUM?

Ef upp koma einhver mál eða fyrirspurnir frá samstarfsfólki þá geri ég mitt besta til að leysa úr því.

ERTU Í SAMSKIPTUM VIÐ AÐRA TRÚNAÐARMENN?

Nei, ekki mikið en það er þá eingöngu við þá trúnaðarmenn sem eru hér fyrir austan, aðallega á fundum og námskeiðum.

HVERNIG FRÆÐSLU HEFURÐU SÓTT ÞÉR SEM TRÚNAÐARMAÐUR?

Það er ýmiss konar fræðsla. Aðallega námskeið sem hafa verið haldin hér á svæðinu.

HEFURÐU FARIÐ Á VIÐBURÐI Á VEGUM VR ÆTLAÐA TRÚNAÐARMÖNNUM?

Já, það eru þá fyrrnefnd námskeið en ég hef ekki farið í vorferðina eða aðra slíka viðburði.


HVERNIG KEMURÐU UPPLÝSINGUM Á FRAMFÆRI VIÐ SAMSTARFSFÉLAGA ÞÍNA VARÐANDI STYRKI OG AÐRA ÞJÓNUSTU SEM ER Í BOÐI HJÁ VR?

Mér finnst mínir samstarfsfélagar vera nokkuð vel að sér hvað varðar þeirra réttindi. En ef eitthvað er sem kemur t.d. fram á fundum og öðru slíku þá hef ég annað hvort sagt frá því á kaffistofunni eða fært þeim bæklinga.

HEFUR ÞÚ LÆRT EITTHVAÐ AF ÞVÍ AÐ VERA TRÚNAÐARMAÐUR?

Já, það finnst mér, það kemur með tímanum.

HVAÐ GERIRÐU Í FRÍTÍMA ÞÍNUM?

Ég á fjölskyldu, við erum þrjú í heimili; maðurinn minn Eiríkur Egill og Þorbjörg, dóttir okkar, sem er 10 ára. Svo á ég tvö eldri börn, Braga sem er 26 ára og Kristrínu Björgu sem er 21 árs. Við búum í sveit og erum með sauðfé. Í frítíma mínum, sem er mismikill eftir árstíðum, þrjóna ég mikið og les líka. Svo horfi ég eitthvað á sjónvarpið. Við ferðumst oftast eitt-hvað á sumrin um landið okkar og ég fer líka heilmikið í gönguferðir hér í kringum mig, ýmist ein eða með dóttur minni. Mér finnst voða gaman að taka myndir, mest af landslagi og dýrum en ég er búin að fá mér stærri linsu á Canon myndavélina mína og vonast til að geta farið að taka meira af myndum. 



SÉRSTÖK TILBOÐSFERÐ TIL GRAN CANARIA FYRIR ELDRI FÉLAGSMENN VR

Úrval Útsýn býður félagsmönnum VR sérstakt tilboðsverð í nýja og skemmtilega ferð Úrvalsfólks til hinnar undursamlegu eyju Gran Canaria haustið 2017. Úrvalsferðir eru vel skipulagðar utanlandsferðir, sem eru sérhannaðar fyrir 60 ára og eldri, þar sem eru íslenskir skemmtanastjórar og reyndir fararstjórar. Skemmtanastjóri er Gunnar Svanlaugsson frá Stykkishólmi. Gunnar er atorkusamur félagsmálamaður, gleðigjafi og mikill söngmaður.

Gist verður á Hótel IFA Buenaventura sem er mjög þægilegt og gott þriggja stjörnu hótél á góðum stað á Ensku ströndinni. Stutt er í alla þjónustu, matvörumarkaði, verslanir og veitingahús. Herbergin eru rúmgóð, um 40m² og öll með baði, síma, gervihnattarsjónvarpi og öryggishólfi (gegn gjaldi). Öll herbergi eru með svölum eða verönd og eru garðhúsgögn á svölum. Herbergin eru með tvíbreiðu rúmi og svefnsófa.

VERÐ

Tilboðsverð á mann í tvíbýli með hálfu fæði
á Hótel IFA Buenaventura: 229.900 kr.

Tilboðsverð á mann í einbýli með hálfu fæði
á Hótel IFA Buenaventura: 259.900 kr.

Hægt er að kaupa sérstakt gjafabréf Úrvals Útsýnar hjá VR, hvert gjafabréf kostar 25.000 kr. en er að verðmæti 30.000 kr.

INNIFALIÐ Í VERÐI FERÐAR

Flug og flugvallaskattar, hálf tæði, gisting í 21 nótt, íslenskur skemmtanastjóri og íslenskur fararstjóri.

EKKI INNIFALIÐ Í VERÐI FERÐAR

Akstur til og frá flugvelli og allar skoðunarferðir.

AFSLÁTTUR Í FLUG

ERTU AÐ FARA TIL ÚTLANDA EÐA VILTU FERÐAST INNANLANDS?

Félagsmenn VR fá afslátt hjá Icelandair, WOW air, flugfélaginu Erni, Sumarferðum og Úrvali Útsýn. Afslátturinn er í formi gjafabréfa sem hægt er að kaupa á orlofsvef VR. Hver félagsmaður getur keypt tvö gjafabréf á ári hjá hverju fyrirtæki. Ekki er hægt að skila bréfunum eftir að þau hafa verið keypt. Félagsmönnum er bent á að kynna sér vel skilmálana áður en bréfin eru keypt.

Gjafabréf Icelandair kostar 23.000 kr. og jafngildir 30.000 kr. greiðslu upp í flug og/eða pakkaferðir Icelandair. Gjafabréfið gildir ekki upp í skatta á Vildarpunktamiðum. Gjafabréf Icelandair gildir í u.þ.b. tvö ár frá útgáfudegi.

Gjafabréf WOW air kostar 22.500 kr. og jafngildir 30.000 kr. greiðslu upp í flug hjá WOW air. Einungis er hægt að nota eitt gjafabréf á mann í hverri bókun. Bókunar- og ferðatímabil er u.þ.b. 1 ár frá útgáfu gjafabréfs.


Gjafabréf Sumarferða kostar 25.000 kr. og jafngildir 30.000 kr. greiðslu upp í pakkaferð. Gildir í allar auglýstar pakkaferðir til 31. des. 2018. Nota má eitt gjafabréf á hvern félagsmann.

Gjafabréf hjá Úrvali Útsýn kostar 25.000 kr. og jafngildir 30.000 kr. greiðslu upp í pakkaferð. Gildir í allar auglýstar pakkaferðir til 31. des. 2018. Nota má eitt gjafabréf á hvern félagsmann.

Flugávisun flugfélagsins Ernis gildir sem greiðsla á flugmiða aðra leið fyrir einn til eða frá Vestmannaeyjum, Húsavík, Höfn í Hornafirði og Bíldudal. Flugávisunin gildir eingöngu fyrir félagsmann VR. Taka þarf fram við pöntun að greitt sé með flugávisun frá VR. Ekki er hægt að nota flugávisun VR í eftirfarandi flug á tímabilinu 1. júní–31. ágúst: Kl. 8.55 (morgunflug) frá Reykjavík til Hafnar í Hornafirði mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Kl. 18:55 (síðdegisflug) frá Höfn í Hornafirði til Reykjavíkur mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga. Öll flug milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja um verslunarmannahelgi ár hvert og er þá átt við þá helgi frá föstudegi til mánudags.



KROSSGÁTAN



	Fristundar krossgátur	BAKA TIL	FRÁ NORDUR- LÖNDUM	SKÆLUR	SVARAR		EKKI INNI	Í GOLFÍ	ÞAGGA	LANDA- BRÉF	FÆDDRA	FLOTT- HEIT
	ILMA					LÆKNIS- AÐGERÐ		1				
	GAMALL					SKEMMTI- GARÐ ÞJÖTLUM						
	AND- STÖÐU				2			FULL- MIKIL SÁ FJÖRÐI				
	KVEN- DYRÐ						KVÖLDI BLUNDAÐ					
	FER Í RÖÐUR TJARGA					STAGA VERÖLD UM- HVERFIS				TÖLU- SK.ST. VERMÆTI HUGVITS		3
		GATA	GRAMS- AÐ	KVARDA		GÆLU- NAFNI KONU DRYKK	HÉLT BRÖTT MÁLMINN			MÁNUÐ SÆDÝR		
LÖNGUN Í DRYKK						LÍTL HLJÓM- PLATA ÁFLOGA					RAUN- VERU- LEGUST	MIKLUM FJÖLDA
LYFSÖLU	4					Í SMÁSJÁ HRÖS- UÐU						
ÞEKKJA LEIÐ						ALLA VERÖLD HEILDAR- EIGN		6	LOFTI SLEPPT FRÁ MAGA	FLJÓT KONU- NAFNI		
		SKEL EIGNIR				ÆÐIÐ HREINS- UÐU			Á FJÖR- UNUM ELDS- NEYTIS MÖLINN		5	
Ó- ÞRIFNUM							FAST ELDS- NEYTI EKKI GIFT			Í ÆSKU BRUNA- LEIF- ARNAR		
BÓKSTAF			SÁST HLJÓÐ- FÆRIÐ				LOKAÐUR GAGN- SVÆR					7
ÆTLAR				RÖMV. 999 MEGNAD- IRÐU		Ó- KVÍÐINN FIPA					ÞESSI UPP- VAXANDI	
										LITLUM HNÍFI Á SAMA TÍMA		8
	ANDAR- TEPPU	DURTUR BJARTUR					LEIKIN ÖHEMJU			AMBÁTT HJÚPUR		GYÐING TOLLIR
MATAR- ILÁTS						NÝRRI GEIG				SLÚT- ANDI SKAFLI BRÖTTUR		
DEYDDU						ATHUGA SK.ST. ÚT- TEKTAR					ETURTÁKN SK.ST. ÞYNGDAR	
ÁGALLA Í TAUG							10		RISTI FISK- SIÐU			
KARL- FUGL				HVINUR					HÁVAX- INNAR			11



VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er: „Margvíslegur“

Vinningshafi krossgátunnar úr síðasta blaði er **Anna María Bryde**. Anna María vinnur á skrifstofu Lýsis hf. og hefur gert frá árinu 2012. Áður en hún hóf störf hjá Lýsi vann hún í Pennanum í 26 ár. Hún hefur því verið félagsmaður VR í um 30 ár. Helstu verkefni Önnu Maríu hjá Lýsi eru innflutningur á vörum og innlend innkaup. Flestir ef ekki allir Íslendingar þekkja Lýsi og hafa einhverntíman á lífsleiðinni tekið inn Lýsi. **Við óskum Önnu Maríu innilega til hamingju!**

Í lausn krossgátunnar hér að ofan er orð. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skriðið „krossgáta“ utan á umslagið. **Skilafrestur er til 28. apríl 2017.** Utanaskriftin er: **VR-blaðið, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.** Einnig er hægt að senda lausnina á krossgata@vr.is

FÉLAGSSKÍRTEINI VR – LYKILL AÐ BETRI KJÖRUM

Hér að neðan má finna sérstök tilboð til félagsmanna VR gegn framvísun félagsskírteinis. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



LEMON

Hvað: Tilboðsverð: Kombó 1.990 kr. og Lemon sixpack 2.990 kr. (þarf að panta með dags fyrirvara á veisla@lemon.is)

Hvar: Lemon Suðurlandsbraut 4a, Laugavegi 56 og Hjallahrauni 13

Hvenær: Alla daga

Gildir til: 31. mars 2017



ATLANTSOLÍA

Hvað: 9 kr. afsláttur á valdri AO stöð en 7 kr. annars staðar.

Hvar: Öllum stöðvum Atlantsolíu

Hvenær: Alla daga

Gildir til: Ótímabundið



AVIS

Hvað: 15% afsláttur af skammtímaleigu og fyrsti mánuður frír í langtímaleigu

Hvar: Á bílaleigum Avis út um allt land

Hvenær: Alla daga

Gildir til: Afsláttur af skammtímaleigu gildir til 1. júní 2017. Afsláttur af langtímaleigu gildir til 31. desember 2017



900 GRILLHÚS

Hvað: 20% afsláttur af matseðli

Hvar: 900 Grillhús, Vestmannabraut 23, 900 Vestmannaeyjum

Hvenær: Alla daga

Gildir til: 31. desember 2017



JOHANSEN DELI 2 fyrir 1

Hvað: 2 fyrir 1 af öllum heitum drykkjum

Hvar: Johansen Deli, Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík

Hvenær: Alla daga

Gildir til: 31. mars 2017



ÚTGERÐIN

Hvað: 10% afsláttur af allri gjafavöru

Hvar: Útgerðin, Vestmannabraut 37, 900 Vestmannaeyjum

Hvenær: Alla daga

Gildir til: 31. mars 2017



GISTIHÚSIÐ LAKE HOTEL

Hvað: 20% afsláttur af gistingu, af kvöldverðarmatseðli og Baðhúsinu - spa

Hvar: Gistihúsið Lake Hotel, Egilsstöðum 1-2, 700 Egilsstöðum

Hvenær: Alla daga

Gildir til: 30. apríl 2017



EFNALAUGIN BJÖRG

Hvað: 15% afsláttur af allri hreinsun og þvotti

Hvar: Efnalaugin Björg, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík

Hvenær: Alla daga

Gildir til: Ótímabundið



SÆTA SVÍNIÐ

Hvað: 2 fyrir 1 af öllum aðalréttum í hádeginu frá kl. 11:30 - 14:30

Hvar: Sæta svínið, Hafnarstræti 1-3, 101 Reykjavík

Hvenær: Mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 11:30 - 14:30

Gildir til: 31. mars 2017



APÓTEK KITCHEN + BAR

Hvað: 2 fyrir 1 af öllum aðalréttum í hádeginu frá kl. 11:30 - 14:30

Hvar: Apótek kitchen + bar, Austurstræti 16, 101 Reykjavík

Hvenær: Mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 11:30 - 14:30

Gildir til: 31. mars 2017





Vinnur þú hjá Fyrirtæki ársins?

Stærstu vinnumarkaðskönnun landsins lýkur 12. mars

Í árlegri könnun VR á Fyrirtæki ársins gefst starfsmönnum mikilvægt tækifæri til að koma viðhorfi sínu á framfæri.

Hvað er vel gert í fyrirtækinu? · Hvað mætti betur fara? · Hvað finnst þér um fyrirtækið? · Finnur þú fyrir stolti og ánægju í starfi? · Hver er ímynd fyrirtækisins í þínum augum?

Niðurstöðurnar segja til um stöðu fyrirtækisins í samanburði við önnur fyrirtæki og hjálpa stjórnendum að auka vellíðan þína á vinnustaðnum. Hver er þín skoðun?

Taktu þátt í könnuninni!

